

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Kennarinn Þórbergur Þórðarson

Jóhanna Guðríður Ólafsson
Lilja Kjartansdóttir



Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut
Apríl 2008
Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Kennarinn Þórbergur Þórðarson

Jóhanna Guðríður Ólafsson

070362-3689

Lilja Kjartansdóttir

080472-3239

Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut
Apríl 2008

Ágrip

Rithöfundurinn Þórbergur Þórðarson stundaði nám í Kennaraskólanum, en lauk því ekki. Hann vænti mikils af náminu, en varð fyrir vonbrigðum. Þórbergi var mjög umhugað um að vel væri staðið að kennslu og fræðslu barna.

Í bók sinni *Sálminum um blómið* segir frá samskiptum gamals manns og lítillar telpu. Gamli maðurinn er í hlutverki fræðarans, en líta má á telpuna sem nemanda hans. Þórbergur lagði ríka áherslu á að saman færi fræðsla og skemmtun. Hann setti sig inn í hugarheim barnsins og útskýrði fyrir henni lífið og tilveruna. Þórbergur fór sínar eigin leiðir hvað kennsluhætti varðar. Sumum af aðferðum hans svipar til hefðbundinna kennsluáferða. Hann útskýrði til dæmis óáþreifanlegt hugtak með áþreifanlegum hlut þegar hann notaði hitabúsa sem kennslugagn.

Formáli

Þessi ritgerð var unnin til B.Ed.-prófs við Kennaraháskóla Íslands vorið 2008. Rithöfundurinn Þórbergur Þórðarson var margslunginn persóna. Hann var fræðari í eðli sínu.

Markmið okkar var að fræðast um persónuna Þórberg og þær aðferðir sem hann notaði við uppfræðslu. Við lásum nokkur verk eftir hann s.s. *Bréf til Láru*, *Ofvitann* og *Sálminn um blómið*. Einnig ber að nefna bækurnar *Skáldalíf* eftir Halldór Guðmundsson og *ÞÞ Í fátæktarlandi* eftir Pétur Gunnarsson. Í báðum bókunum er fjallað um persónuna Þórberg, líf hans og störf.

Við skoðuðum sérstaklega hvaða aðferðum hann beitti og bárum þær saman við hefðbundnar kennsluaðferðir.

Við nutum handleiðslu Kristjáns Jóhanns Jónssonar og kunnum við honum bestu þakkir fyrir gott samstarf. Einnig viljum við þakka Pétri Blöndal blaðamanni fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar. Að lokum viljum við þakka fjölskyldum okkar óþrjótandi þolinmæði, stuðning, tillitssemi og hjálp sem seint verður fullþakkað.

Reykjavík, 8. apríl 2008

Jóhanna Guðríður Ólafsson

Lilja Kjartansdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1. Persónan Þórbergur	7
1.1 Hvernig var hann sem barn?	7
1.2 Hvernig kannaði hann umhverfið?	8
1.3 Sérgefur	11
1.4 Nákvæmni	13
1.5 Hvaða framtíðaráform hafði hann?	15
2. Skólaganga og kennsla	16
2.1 Hvers vegna Kennaraskólinn?	16
2.2 Hvernig gekk skólagangan?	17
2.3 Kennslustörf	20
3. Sálmurinn um blómið	23
3.1 Sobbeppi afi kynntur til sögunnar	23
3.2 Heimskan, mesta böl í heimi	24
3.3 Samskipti við krakkana	25
3.4 Skiptir sannleikurinn máli? Fyrirlitning gagnvart lygurum	28
3.5 Sobbeppi afi séður með augum lillu Heggum	30
4. Hvaða aðferðir notaði hann	32
4.1 Virðing fyrir litlum sálum	32
4.2 Eilífðarmálin útskýrð	37
4.3 Hitabrúsakenningin	38
4.4 Kennsluaðferðir	40
5. Niðurlag	43
6. Heimildir	44

Inngangur

Hvað felst í því að vera kennari/uppfræðari? Eru sumir e.t.v. hæfari til þess en aðrir? Hvaða eiginleikum þurfa góðir kennarar að búa yfir? Hvað er það í fari kennarans, sem skiptir mestu máli þegar kemur að því að uppfræða börnin?

Þórbergur Þórðarson settist á skólabeck í Kennaraskólanum en lauk ekki kennaraprófi. Engu að síður fékkst hann við ýmis konar kennslu og óhefðbundna uppfræðslu barna sem tengdust honum um sinn á ýmsum skeiðum ævinnar. Hvað var það í fari hans sem gerði hann að góðum kennara?

Ekki er hægt að fullyrða að ein kennsluaðferð sé betri en önnur. Hugtakið kennsluaðferð er það skipulag sem kennarinn viðhefur. Samskipti kennara við nemendur ásamt námsefni leggja grunninn að framtíðinni.

Í bókinni *Sálminum um blómið* segir Þórbergur frá samskiptum gamals manns við litla stúlku og önnur börn, sem bjuggu í nágrenninu. Gamli maðurinn fylgdist með vexti og þroska stúlkunnar og átti mikinn þátt í uppeldi hennar og uppfræðslu af margvíslegum toga. Í bókinni eru fjölmörg dæmi um hvernig hann náði til krakkana og gat útskýrt hitt og þetta.

Hvaða aðferðir notaði Þórbergur til að vekja áhuga barnanna og útskýra fyrir þeim lífið og tilveruna? Notaði hann hefðbundnar kennsluaðferðir eins og við þekkjum í dag eða sínar eigin?

1. Persónan Þórbergur

1.1 Hvernig var hann sem barn?

Þórbergur Þórðarson fæddist 12.mars 1888 eða 1889 á Hala í Suðursveit. Ekki hefur tekist að staðfesta hvort árið er rétt. Hins vegar hallast menn helst að 1888 eins og sjá má á því að haldið er upp á 120 ára afmælið á þessu ári. Þórbergur var elstur þriggja bræðra. Foreldrar þeirra voru hjónin Þórður Steinsson og Anna Benediktsdóttir, fátækir bændur, líkt og algengt var á þeim tíma. Skortur á veraldlegum hlutum jafnvel mat og eldivið einkenndi tilveru þessa góða fólks en það kom ekki að sök þegar kom að andlegri næringu. Í ritgerð frá 1926 lýsti Þórbergur föður sínum sem fróðleiksfúsum manni, sílesandi og þá einkum fornsögur, þegar hann hafði tækifæri til. Þórbergur skilgreindi föður sinn sem blöndu af þröngsýnum íhaldsmanni og vanstilltum byltingarsegg, rómantískum í hugsun en jafnframt efaþjörnum hugsuði. Móður sinni lýsti hann sem greindri konu, góðum lesara sem hneigðist frekar til sambókmennta en fornrita. Að hans mati var hún frjálslýnd í hugsun, víðsýn, umburðarlynd og kurteis. Þórbergur var því alinn upp við gott atlæti af fróðleiksfúsum foreldrum.

(Halldór Guðmundsson 2006:21).

Lýsing Þórbergs á foreldrum sínum og þá sérstaklega Þórði er þannig að eplið virðist ekki hafa fallið langt frá eikinni. Sennilega hafa þeir verið býsna líkir feðgarnir.

Heimasveitin var einangruð. Jökulsár gerðu ferðalög landleiðina erfíð og skipaferðir voru strjálar. Þórbergur fékk uppfræðslu fólksins í nágrenninu. Bærinn Hali var hluti af n.k. byggðakjarna fleiri bæja og því hafði Þórbergur nægan félagsskap.

Í *Steinarnir tala* fjallar Þórbergur um bernsku sína í Suðursveit. Þar dregur hann upp mynd af dreng sem hafði gaman af uppátækjum og bernsku sem einkenndist af hamingju. Samfélag krakkanna snerist um fjölbreytta leiki þeirra, þar sem skip voru smíðuð og látin sigla á lóni skammt frá bæjunum. Einnig voru skautuferðir á sama lóni ísilögðu á vetrum og hlutverkaleikir þar sem líkt var eftir þjóðfélögum, búið til stjórnkerfi og eigin fáni. Þórbergur var þá jafnan leiðtogi krakkahópsins, hugsuður og reglusmiður.

Hann þótti þó frekar skrýtt, að mati Steinþórs bróður síns, mikill grúskari og haldinn fullkonnunaráráttu.

Leikurinn er ekki ósvipaður því sem Herdís Egilsdóttir kallar Landnámsaðferðina og hefur hún verið notuð víða sem kennsluáðferð í grunnskólum.

Með Landnámsaðferðinni geta nemendur sett sig í spor forfeðra sinna „landnámsmannanna“. Þeir vinna markvisst að því að leysa vandamál sem upp koma er þeir hefjast handa við að koma sér upp híbýlum. Nemendur verða landnámsmenn sem þurfa að komast af. Hvernig öfluðu menn fæðu? Hvar bjuggu þeir? Það væri t.d. hægt að ímynda sér heilan bekk sem sest að á tunglinu eða annarri plánetu en jörðinni. Þá reynir á ímyndunarafl nemenda. Oft búa nemendur sér til gjaldmiðil, eigin fána og jafnvel tungumál. Með þessari kennsluáðferð er verið að þjálfva nemendur í að setja sig í spor annarra og í leiðinni þurfa þeir að taka ýmsar afdrifaríkar ákvarðanir til ráða fram úr vandamálum sem „landnámsmenn“ stóðu frammi fyrir. (Ingvar Sigurgeirsson 1999:156-157).

Guðrækni var sjálfsagður hluti af heimilislífinu á Hala. Eitt sem tengdist henni leiddist Þórbergi mikið og það voru húslestrarnir á veturna. Hann blátt áfram þjáðist úr leiðindum þegar hann hlustaði á þá. Honum fannst þessi þáttur guðrækninnar mjög neikvæður og taldi að hún færði honum ekki trú, blessun, fróðleik eða visku, hvað þá andlega næringu eða skemmtun. Samt sem áður lærði hann bænir og vers og signdi sig á morgnana áður en hann fór á fætur og fór með faðirvorið fyrir svefninn, að minnsta kosti á meðan hann bjó í foreldrahúsum. Seinna sagði hann að það „hefði slitnað uppúr með sér og guði“. Hann lét ferma sig, en var trúlaus samt sem áður.

(Halldór Guðmundsson 2006:27).

1.2 Hvernig kannaði hann umhverfið?

Eitt af sérkennum Þórbergs var mælingarárátta. Hann fór um nágrennið, líkt og landkönnuður, teiknaði upp landakort, mældi hæð fjalla, tók veðrið og mældi sólarhæð í nágrenni við bæinn, allt með tækjum sem hann hannaði og smíðaði sjálfur. Í samfélagi, þar sem fólk varð að vinna hörðum höndum var háttalag drengsins talið í hæsta máta

undarlegt. Líklegt er að Þórbergi hafi sjálfum fundist hann skera sig úr umhverfinu ef marka má frásagnir hans af æsku sinni í Suðursveit.

Hann hafði einnig mikinn áhuga á bókum og sögum. Áhugi foreldranna á lestri bóka hefur vafalaust haft áhrif á hann. Þórbergur var trúgjarn en jafnframt efaðist hann um ýmsa hluti. Það var eins og hann þyrfti að sannreyna eða rannsaka sjálfur til þess að trúa því sem hann las eða heyrði sagt.

Hann hafði einnig mikinn áhuga á gestakomum, ekki síst þegar sá aðkomni gat sagt frá einhverju markverðu. Hann mat mikils grannkonuna, Oddnýju frá Gerði, sem kunni fjöldann allan af sögum og þulum ásamt ýmsu öðru. Frásagnargáfa hennar og hæfileiki til að segja sögur var, að mati Þórbergs, einstök og ekki ástæða til að rengja það á nokkurn hátt.

(Halldór Guðmundsson 2006:22).

Þó svo að sumar uppfinningar Þórbergs hafi ekki gengið sem skyldi gengu aðrar betur. Það gerðu til dæmis áhaldið sem hann smíðaði og notaði við mælingar á veðurhæð og annað sem hann hannaði og gat notað til að mæla vegalengdir. Þá tókst honum að finna upp aðferð til að vita hver hallinn væri á túninu og hvað Hali stæði hátt miðað við sjávarmál. Eitt vorið átti Þórbergur næga aura fyrir hitamæli, sem hann keypti í kaupstaðnum. Það var gott vor, að hans mati. Þá var ætt um holt og hæðir við hitamælingar, mælt á nokkrum stöðum í nágrenni við bæinn, mismunur reiknaður út og niðurstöður skráðar í dagbók. Sjálfur gerði Þórbergur sér grein fyrir því að hann var „öðruvísi“ eða „ofvitinn úr Suðursveit“, eins og hann kallaði það í bók sinni *Ofvitanum*. Þar lýsir hann m.a. basli sínu við mælingarnar þegar fátæktin og sjálfsagt einangrunin líka komu í veg fyrir að hann gæti útvegað sér tæki við hæfi. Þórbergur dó ekki ráðalaus heldur hannaði og smíðaði sín tæki sjálfur eins og efni og kunnátta leyfði. Hann sárvantaði til dæmis klukku og hannaði sinn eigin tímamæli sem ekki gekk að vísu nema eina mínútu í einu. Hann gerði líka vatnsskiði, sem reyndust ónothæf. Hann sökksti sér í Alþýðubókina, vísindarit þess tíma, það eina sem kom í sveitina. Las það aftur og aftur og nýtti sér fróðleikinn þegar hann dró ályktanir varðandi tilraunir sínar og niðurstöður. Líkt og þegar hann gerði tilraunir með því að skjóta ör af boga. Þá komst hann að því að örin fór lengra þegar henni var skotið lárétt, en styttra þegar örinni var skotið beint uppi loft. Muninn taldi hann stafa af þyngdarlögmálinu, lögmálið hefði áhrif á það hversu

langt örin næði. Áður hafði hann lesið sér til um þyngdarlögmálið í Alþýðubókinni. Líklegt er að hann hafi framkvæmt tilraunina til að átta sig á því hvernig lögmálið virkaði.

Eitt sinn dró Þórbergur heimasníðaðan þrífót út og stillti upp ásamt fjölda heimagerðra tækja og tóla til að mæla upp túnið við bæinn Hala. Fólkið af næstu bæjum kom út til að fylgjast með, enda ekki á hverjum degi sem slíkum græjum var stillt upp. Mælingamaðurinn skreið svo um á fjórum fótum, hafði orð á því að flóðaldan væri ekki í samræmi við tunglið og dró að lokum þá ályktun, í heyranda hljóði, að sá flóðatími, sem talað væri um, væri ekki réttur. Hann dró með öðrum orðum í efa sannleiksgildi þess, sem fólkið taldi sig vita upp á há. Má ætla að einhverjir hafi dregið andlegt heilbrigði hans í efa. Lengi vel þorði hann ekki að hafa orð á þessu og fékkst helst við mælingar þar sem enginn sá til.

(Þórbergur Þórðarson 2001:21-22).

Þó svo að Þórbergi hafi fundist að hann væri „öðruvísi“ en annað fólk þá virðist sem honum hafi verið slétt sama. Hann taldi sig hafa lagt grunninn að sjálfstæðum hugsunarhætti og treyst eigin skoðanir. Tilraunirnar og grúskið voru hans leið til að skiljahitt og þetta. Með því að rannsaka, stundum með heimagerðum mælitækjum, gat hann sannreynt það sem hann las og ályktað út frá því. Leit hans að staðreyndum og hnitmiðuðum árangri ýttu, að hans mati, undir nákvæmni og ólu á óbeit gagnvart yfirborðsmennsku og grunnfærni. Viðleitnin „að vita hið rétta og fylgja hinu viturlegasta“ varð að stórum hluta að því sem máli skipti.

Sjálfur sagði Þórbergur að úr því hann hegðaði sér eftir eigin höfði þegar í uppvextinum í Suðursveit, þá hefði hann látið sér í léttu rúmi liggja hvað öðrum myndist um hann síðar á ævinni. Munurinn á því hvað öðrum fannst sæmandi eða ósæmandi kom honum ekki við. Það taldi hann „hræsnandi samábyrgð lítilmenskunnar“

(Þórbergur Þórðarson 2001:23).

1.3 Sérgefur

Þórbergur var löngum talinn undarlegur og öðruvísi en annað fólk. Hann var þeim gáfum gæddur að hann varð að kanna og sjá hvernig allt virkaði. Þórbergur hegðaði sér eins og landkönnuður og þar kemur mælingarárátta hans við sögu. Drengurinn þótti undarlegur þegar hann kannaði veðrið á Hala með veðurathugunartækjum sem hann útbjó sjálfur: hlaupandi út um holt og hæðir á meðan aðrir unnu að bústörfum með hinum eldri. Vinur Þórbergs sem seinna ferðaðist með honum í flugvél varð frekar hvumsa er ferðafélaginn dró hitamæli, áttavita, hæðarmæli, loftþyngdarmæli og skrefmæli upp úr fórum sínum í flugvélinni. Þetta þótti honum frekar undarlegt afþreyingarefni. (Árni Hallgrímsson 1954:29).

Þórbergur kynntist Helgu Jónu eða „lillu Hegg“ eins og hún var oftast kölluð í októbermánuði árið 1943. Þórbergur og kona hans Margrét fluttu í íbúð á fjórðu hæð við Hringbraut. Kvöld nokkurt skömmu eftir að þau fluttu kom mamma litlu stúlkunnar með hana í heimsókn til þeirra hjóna. Það voru fyrstu samskipti Þórbergs við litlu manneskjuna sem þá var þriggja mánaða gömul og vafinn eins og reifastrangi. Honum fannst nú ekki mikið til hennar koma, en við kynnumst því seinna að litla manneskjan átti eftir að hafa ótrúleg áhrif á líf Þórbergs. Litla manneskjan kallaði Þórberg Sobbeggi afa. Þórbergur og persónan Sobbeggi eru ekki einn og sami maðurinn. Þórbergur lýsir Sobbegga eins og best hentar í sögunni, en að sama skapi kærir hann sig kollóttan um sannleikann eins og rithöfundur er háttur.

Litla manneskjan var spriklandi á höndum og fótum og lét þannig að gamla mannum var hlátur efst í huga. Hún ranghvolfdi í sér augunum og það varð að halda á henni eins og fullri grautarskál svo sálin í henni gubbaðist ekki úr líkama hennar.

Þórbergur fylgdist náið með uppvexti hennar og átti eftir að verða henni eins konar lærifaðir eða kennari seinna meir. Honum var mjög umhugað að kenna henni allt sem hann gat um lystisemdir lífsins.

(Þórbergur Þórðarson 1986b:161).

Þórbergur tók upp á því að skrá niður orðalag lillu Heggu eða Egga la eins og hún kallaði sig. Í bókinni var að finna fjölmörg orð sem litla manneskjan notaði. Til dæmis sagði hún einn daginn „Tusta keke á sóra saf“ (Þórbergur Þórðarson 1986b:174).

Þetta þýddi á hennar máli að tuskan á stóra stafnum fljúgi eins og fluga. Beint á móti heimili þeirra var elliheimilið Grund, þar var flaggað í hálfu stöng þegar einhver vistmannanna yfirgaf þennan heim. Reyndar kallaði litla manneskjan þetta Eppimannaheimili.

Egga la var tíður gestur á heimili þeirra hjóna. Þar var margt að finna sem litlir fingur þráðu að handleika. Einn af uppáhaldsstöðum litlu manneskjunnar var skúffa í skrifborði Sobbeffa afa. Þar geymdi gamli maðurinn töfratækin sín. Þar voru tommustokkur, sirkill, loftþyngdamælir, kompás og sporamælir. Sirkilinn notaði hann til þess að mæla vegalengdir á landakortunum sínum, loftþyngdarmælirinn eða hæðarmælirinn hafði meðal annars það hlutverk að mæla vegalengdina frá fjórðu hæð og niður á götu. Sporamælinn gat gamli maðurinn notað í tíma og ótíma. Hann mældi gjarnan hinar og þessar vegalengdir í stofunni, sem og í gönguferðum um hverfið. Hitamælirinn var mesta þarfaping. Með honum gat gamli maðurinn mælt allt mögulegt. Hann lét litlu manneskjuna fylgjast með skjánum en mælirinn var eins og lítill fimmaurapeningur í laginu. Þegar mælirinn var settur út í glugga hreyfðist hann, en þegar hann var settur á miðstöðvarofninn æddi hann áfram líkt og hann hefði brennt sig að lokum var mælirinn settur á gólfíð og þá dró hann sig tilbaka. Gamli maðurinn fann brýna þörf hjá sér að útskýra alla hluti fyrir litlu manneskjunni. Honum fannst að börn ættu að skilja lífið. Kompásinn var allra hluta furðulegastur það var nánast eins og lifandi skepna. Gamli maðurinn tók kompásinn og setti hann á skrifborðið sitt, renndi síðan skeifunni sinni í kringum hann, þá hringsnerist hann eins og hundur að elta rófunu á sér. Þetta fannst litlu manneskjunni stórunderlegt og hló mikið. Litla manneskjan hélt að kompásskömmin væri lifandi. Þá tók gamli maðurinn að sér hlutverk kennarans og útskýrði fyrir henni að allir hlutir væru lifandi, en kompásinn væri meira lifandi en flest annað.

Sobbeffi afi notaði hverja stund til fræðslu. Hann hefur sennilega notast við kennsluaðferð sem við köllum Útlistunarkennslu.

Þessi kennsluaðferð hentar vel þeim sem er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu sinni til barnsins. Endalaust gat Sobbeffi afi útskýrt hitt og þetta fyrir lillu

Heggu. Þau gátu setið tímunum saman og rætt málin og á endanum drógu þau ályktanir og komust að niðurstöðu. Þær kennsluáferðir sem notaðar eru við Útlistunarkennslu eru til dæmis sýnikennsla, skoðunarferðir eða önnur bein miðlun. Áferðir af þessu tagi gera kröfur til þess sem fræðir um haldgóða þekkingu á viðfangsefninu. Sobbeppi afi vissi allt um þessa hluti sem hann sýndi lillu Heggu. Hlutverk hennar var að fylgjast með og velta efninu fyrir sér. (Ingvar Sigurgeirsson 1999:43).

Gamli maðurinn fann sig stundum knúinn til þess að mæla vitið í litlu manneskjinni þegar hún var á skoðunarferðum um stofuna á fjórum fótum. Þá greip hann í fæturna á henni aftan frá og hélt henni fastri. Það sem hann var að mæla var, hvort hún lyti aftur fyrir sig til þess að athuga hvað stoppaði hana. En litla manneskjan var ekki heimsk, heldur var hún svo kurteis.

(Þórbergur Þórðarson 1986b:168-174).

1.4 Nákvæmni

Þórbergur var óvenju orðheppinn maður og lýsingar á vinum hans voru mjög nákvæmar. Þegar hann kom tvítugur suður í skóla bjó hann á Skólavörðustíg 10 eða í Bergshúsi eins og það var venjulega kallað. Þar söfnuðust Þórbergur og vinir hans saman á kvöldin. Herbergi þeirra félaga var undir súð og gekk það undir nafninu baðstofan. Í baðstofunni voru mörg hitamál rædd og var því oft gestkvæmt þar á kvöldin. Eins mikill nákvæmnismaður og Þórbergur var hafði hann að sjálfsögu mælt herbergið frá gólfí og upp í loft og veggjanna á milli. Þeir voru þrjú félagarnir um baðstofuna og fór vel á með þeim. Þórbergi leið vel þarna og fannst eins og hann hefði alltaf búið þar. Gestir byrjuðu að tínast í Baðstofuna upp úr átta á kvöldin, en þar voru allar samræður tengdar andlegum eignum svo sem stjórnámálum, bókmenntum, heimspeki og vísindum svo eitthvað sé nefnt.

Þegar kom að mannlýsingum var Þórbergur oftast en ekki mjög afar nákvæmur. Rögnvaldur Guðmundsson var einn af kunningjum Þórbergs. Hann var Austur-Skaftfelllingur að ætt, eitthvað skyldur Þórbergi og lýsingin á Rögnvaldi er skemmtilega nákvæm:

Rögvaldur var tæplega meðalmaður á hæð, grannvaxinn, dálítið lotinn í herðum og útskeifur í göngulagi, skolleitur á hár, með blágrá augu, fögur í andliti og friður sýnum. Andlitssvipurinn var alvarlegur og þó mjög hómoristiskur, jafnvel eilítið spozkur, skarplegur, fjörlegur og spilandi eftir tilbrigðum hugmyndanna, málrómurinn í herra lagi með afarskýrum persónueinkennum. Hann var fluggáfaður, hugsaði óvenjulega skýrt og skipulega og að nokkru leyti frumlega, ályktaði rökrétt, hafði auðugt ímyndunarafl, datt margt í hug og var þó ágætur námsmaður. Hann var annars vegar mikill alvörumaður, en að hinu leytinu mesti spaugari, jafnvel skopfugl, en skop hans var með þeim hætti, að það vakti ekki gremju, heldur hlátur, því að hann var góðhjartaður og gæddur miklum siðferðisþroska. Þó gat hann verið bitur í tilsvörum og óvæginn í orðasenum. Hann mun hafa verið fremur trúhneigður, einkum á síðari árum, en trúarhugmyndir hans voru ekki alveg hversdagslegar, heldur töluvert blandaðar heimspekilegri dulrænu. Oftast var hann kátur og léttur í lund. Þó var hann ekki laus við nokkur þunglyndisleg heilabrot, sérstaklega eftir að heilsa hans bilaði.

En það sem gerði Rögvald einkum ólíkan öðrum mönnum á hans reki, var mælska hans og þó öllu fremur málfar.

(Þórbergur Þórðarson 2001:87).

Í *Ofvitanum* eru margar skemmtilegar mannlýsingar, en það er ekki ætlun okkar að rekja þær allar. Heldur að sýna fram á hversu nákvæmur Þórbergur var í öllu sem hann tók sér fyrir hendur. Nákvæmni hans kemur nánast við sögu í öllum hans verkum. Ef lýsa þurfti vini, eða notkun sporamælis þá var það nákvæmnin sem hafði yfirhöndina í verki hans.

(Þórbergur Þórðarson 2001:52-87).

1.5 Hvaða framtíðaráform hafði hann?

Sem barn langaði Þórberg ekki til að verða neitt sérstakt. Hann langaði bara til að lifa í skemmtilegum heimi, þeim sama og í Suðursveit, þar sem lífið var leikur og uppgötvanir. (Halldór Guðmundsson 2006:25).

Ekkert óeðlilegt við það, hver vill ekki lifa og skemmta sér?

Tvennt var honum þó hugleikið í æsku en það voru frönsk fiskiskip með seglin hvít sem fönng og úthafið bláa. Þessi undur fannst honum toga í sig og lokka til höfuðstaðarins. Sá draumur rættist, að hluta. Hann komst á skútu, íslenska reyndar, en sú hafði ekki fannhvít segl heldur brúnleit eða „barkarlit“. Það voru honum mikil vonbrigði. Skútulífið var heldur ekki sá sæluheimur sem hann hafði látið sig dreyma um. Þórbergur þótti ekki fiskinn og endaði því sem matsveinn. Sú staða var ekki virðingarstaða, þvert á móti.

(Þórbergur Þórðarson 1986a:7).

Algengast var að elsti sonur tæki við búskap af foreldrum sínum. Líklegt er að foreldrar Þórbergs hafi gert sér grein fyrir því að ekki væri gæfulegt að hann tæki við búinu á Hala. Sem strákur var hann stundum skammaður fyrir áhugaleysi á líkamlegri vinnu. Grúsk hans var umborið af skilningi og þolinmæði. Þórbergur þráði þekkingu og menntun til þess að þroska hæfileika sína. Til þess að öðlast hana varð hann að fara að heiman. Í sveitinni var heldur ekkert fyrir hann að gera og að sama skapi ekki til aurar til að kosta hann til náms.

(Halldór Guðmundsson 2006:28-29).

Aðspurður, seinna á ævinni, sagðist hann ekki hafa ætlað sér að verða neitt, nema þá helst þegar hann var barn í Suðursveit og dreymdi um að verða skipstjóri á duggu með hvítum seglum.

(Halldór Guðmundsson 2006:110).

Það er auðvelt að setja sig í spor 18 ára unglings sem fer að heiman, langt í burtu frá því lífi sem hafði fóstað hann og skapað öryggi bernskunnar. Hann hafði ekki hugmynd um hvað beið hans í höfuðstaðnum, þar sem lífið var svo ólíkt því sem hann áður þekkti.

Kannski var það eins gott því ekki gat hann hafist handa við námið fyrr en nokkrum árum seinna og í millitíðinni átti hann oft erfitt.

2. Skólaganga og kennsla

2.1 Hvers vegna Kennaraskólinn?

Þórbergur var kokkur á bát árið 1909. Mikið púl fylgdi sjómenskunni. Það var svo dag nokkurn þegar hann lá og hvíldi sig niðri í lúkarnum, að hann rak augun í bréfsnifsi. Þarna var auglýsing um inntöku í Kennaraskólann. Það var sem lausn sjálfrar lífsgátunnar hefði barið dyra hjá honum. Námsgreinarnar voru ekki af verri endanum: íslenzk málfræði, landafræði, náttúrufræði, eðlisfræði; þarna hlaut að vera mikið um vísdom og visku. Þetta kveikti áhuga hans, það hlaut að vera gaman að hlusta á merka menn flytja fyrirlestra. Kennaraskólinn var lykillinn að betra lífi, taldi hann. Auður hans var spekin og viskan stoltið. Íslenzk málfræði hlýtur að snúast um það hvernig orðin verða til. Orðið lúkar hlýtur að vera skylt sagnorðinu að loka. Mastur gæti verið skylt því að masa. Er þetta ekki örugglega kennt í íslenzkri málfræði?

Snýst landafræðikennslan ekki örugglega um landakort og staðhætti? Þórbergur var snillingur í gerð landakorta, svo hæfileiki hans á því sviði hlaut að blómstra í skólanum. Mælingatækin sem hann hafði notað við gerð kortanna átti hann í fórum sínum.

Náttúrufræðin var örugglega um steinana, mennina og dýrin. Hvað verður um sálina í mönnum þegar þeir deyja? Náttúrufræðin hefði kannski svar við því?

Eðlisfræðin togaði sterkt í hann. Hann hafði heyrt á skotsþónum talað um að skötuhjú hefðu eðlað sig. Skyldi hún fjalla um eðli manna og dýra? Eða snerist hún kannski um eðli stóru náttúrunnar? Hvaða hlutverk hafa vatnið, stjörnurnar, tunglið og himingeimurinn? Svör við þessum spurningum hlaut að vera finna í Kennaraskólanum. Hann var staðráðinn í að sækja um inngöngu í þennan merka skóla haustið eftir. Þórberg

þyrsti í að vita sem mest og tilhneiging hans til að mæla og ígrunda það sem tók sér fyrir hendur ágerðist með árunum.

Draumur hans varð að veruleika, hann fékk inngöngu í skólann og settist í fyrsta bekk í Kennaraskólanum. Skólastofan var björt og rúmgóð. Þórbergur fann að þarna átti hann heima. Skólastofuna kallaði hann musteri viskunnar. Þetta var eitthvað annað en lífið á sjónum. Bekkurinn samanstóð af ellefu piltum og ellefu stúlkum. Æskudraumurinn varð að veruleika, draumurinn um að verða fullkominn maður. Námsbækurnar kostuðu að sjálfsögðu peninga og fátækur sveitapiltur átti ekki mikið af þeim. Það fór um hann sæluvíma þegar hann handlók þessa dýrgripi hjá bóksalanum. Hann gat ekki beðið eftir að geta sest niður í ró og næði og gluggað í þær, en til að eyðileggja ekki stemminguna vildi hann ekki hefja lesturinn fyrr en búíð væri að setja honum heimavinnuna fyrir.

(Þórbergur Þórðarson 2001:7-18).

2.2 Hvernig gekk skólagangan?

Þessi kafli byggir alfarið á *Ofvitanum* sem er skáldsaga um Þórberg samin af honum sjálfum. Þar lýsti hann sér eins og honum sjálfum hentaði. Hann setti fram skoðanir en, ekki var víst að þær hafi verið byggðar á reynslu hans. Þórbergur taldi að kennsla ætti að miða að manngildi.

Fyrsti skóladagurinn rann upp. Þórbergur spratt á fætur fullur tilhlökkunar og spennings. Greip skólabækurnar og skundaði af stað. Spennan var svo mikil að hann var kominn tuttugu mínútum áður en skólinn byrjaði. Kennslan hófst klukkan átta. Kennararnir tíndust inn einn af öðrum. Hann hafði gaman af því að íhuga hvernig þeir kenndu og aðferðir þeirra. Klukkan tvö var skólinn búinn og hann gekk heim á leið. Hann naut þess að fara fjölfarna og lengri leið heim, vildi að sem flestir sæju að þarna var gáfumaður á ferð með fullt af bókum undir hendi. Þórbergi fannst hann loksins hafa öðlast mannorð.

En ekki leið á löngu þar til hann fór að gruna að ekki væri allt sem sýndist. Skólabækurnar rándýru innihéldu ekki það efni sem hann hélt. Þær byrjuðu oft leiðinlega, en þegar hann las sig áfram í gegnum bókina kom kjarni hennar oftast í ljós.

Þórbergur varð fyrir töluverðum vonbrigðum með kennsluna. Það var sama hvaða bók hann byrjaði á, efni þeirra var ekki eins merkilegt og hann hélt. Hann var orðinn úrkula vonar um að þær skiluðu honum að settu marki. Það sem hann vildi vita um lífið og tilveruna stóð ekki í þessum skruddum.

Náttúrufræðibókin olli honum miklum vonbrigðum. Hún fjallaði um bein, skinn og dýrahár. Þetta var ekki það sem hann fýsti að vita. Hann þyrsti í fróðleik um uppruna þeirra og hafði mikinn áhuga á að vita eitthvað um sál þeirra. „Það var eins og hellt væri úr hlandkopp framan í mig“ (Þórbergur Þórðarson 2001:20).

Landafræðin var honum meira að skapi. Hann var nú einu sinni *ofvitinn* úr Suðursveit. Hann fór fram úr sjálfum sér í landafræðinni og hafði augsynilega tekið meiri framförum en heimurinn. Hann hafði hugsað meira. Sú landafræði sem kennd var í Kennaraskólanum einkenndist af upptalningu á hinum ýmsu borgum og íbúafjölda þeirra. Hver var helsti útflutningur borganna? Þetta fannst honum afar tilgangslaust. Sá fróðleikur sem hann sóttist eftir var t.d. hvernig urðu löndin til og hvernig mynduðust höfin. Notkun korta vakti ætíð áhuga hans, en kennsla í notkun þeirra var ekki á dagskrá. Þarna hefði mælingarárátta hans notið sín og eflaust hefur hann vitað meira um þessi efni en kennarinn. Eðlisfræðin svaraði ekki hans hjartfólgnustu spurningum á borð við: Hvernig myndast himinbláminn og kvöldroðinn? Eða hvert er hlutverk Norðurljósanna og þokunnar? Nei það voru margskonar mælingar og formúlur þar sem notaðar voru glerpípur, pumpur, vatnsker og vogir. Eðlisfræðin sem hann hafði lagt miklar vonir við var þá ekki eins spennandi og hann hélt. Þetta hlýtur að hafa verið frekar furðulegt í ljósi þess að hann hafði brennandi áhuga á flestum tækjum, sérstaklega mælitækjum. Á þessum tímamarki fannst honum sem hann hefði misst af góðu tækifæri til þess að sýna gáfur sínar. Eflaust hefur hann vitað hvernig nota átti tækin í eðlisfræðinni, en sökum feimni sinnar dró hann sig til baka. Jafnvel getur hugsast að vegna þess að hann hafði ekki aðgang að slíkum tækjum í æsku, hafi hann verið eitthvað banginn við að prófa þau.

Kennslubækurnar voru leiðinlega formúlulega skrifaðar, allar eins fannst honum. Þurrar og sviplausar. Þetta fannst honum alrangt kennsluform, bækur eiga að vekja áhuga. Lesandinn fær þörf fyrir að vita meira. Þyrstir í áframhaldandi fróðleik. Þær eiga að vera hvetjandi. Ástæðan fyrir annmörkum bókanna var sú, að hans dómi, að höfundar

þeirra höfðu ekki góða frásagnarhæfileika. En gæti það hafa hjálpað honum ef kennarar hans á þeim tíma hefðu notast við kennsluaðferð sem kallast Söguaðferðin?

Söguaðferðin eða Storyline er mikið notuð í samþættingu í námi. Í tilfelli kennara Þórbergs hefði samþáttun í eðlis- og náttúrufræði verið tilvalin. Aðferðin vekur áhuga, tengir nám við veruleikann utan skólans, hún kennir nemendum að afla sér þekkingar á ýmsum sviðum og síðast en ekki síst þá tekur hún mið af þroskastigi nemenda hverju sinni. Aðferðin dregur nafn sitt af skipulaginu sem er eins og í sögu. Sett er á svið atburðarás með virkri þátttöku nemenda. (Björg Eiríksdóttir 1993).

Baráttan við skólabækurnar hélt áfram og alltaf hækkaði í viskubrunni Ofvitans. Viðhorf hans til lærimeistara sinna breyttist dag frá degi. Hann fór að fá bakþanka um kennsluaðferðirnar sem notaðar voru og reyndi að bægja frá sér þeim hugmyndum um kennarana sem hreiðruðu um sig í höfðinu á honum. Þessir vitringar voru þá bara ósköp venjulegir þegar allt kom til alls. Kennslan einskorðaðist við þær bækur sem kenndar voru, aldrei tekin hliðarspor. Námsefnið sem slíkt kveikti ekki hjá honum áhuga til frekari rannsókna, heldur drap niður þann áhuga sem til staðar var.

Eftirminnilegustu lærifeður hans frá Kennaraskólanum voru reikningskennarinn og doktor Björn Bjarnason sem kenndi íslensku, en hann var einnig vel að sér í norrænum fræðum. Kennslan var þeim ekki erfið og þeir höfðu gott vald á því efni sem þeir kenndu.

Björn var ein ástæða þess að Þórbergur þraukaði skólaárið. Hann var mikill snillingur í að uppfærða og miðla efni og gerði það af ástríðu. Það sem einkenndi kennslu Björns var að hann fór gjarnan óhefðbundnar leiðir og tók fyrir efni sem ekki stóð í bókunum. Hann tók fyrir hugsunina á bak við íslensk orð, rakti rætur þeirra og skyldleika. Þá opnaðist nýr heimur fyrir Þórbergi, eitt orð fæddi af sér annað. Þessi kennsluaðferð hentaði Þórbergi. Hún víkkaði sjóndeildarhring hans og bætti stöðugt fróðleik í safnið.

Þarna er kannski rétt að benda á að þessar aðferðir svipa til kennsluaðferða hins rússneska Lev Vygotsky.

Vygotsky var fjölhæfur og hámenntaður einstaklingur sem vann við kennslustörf. Hann taldi að börn væru virk í þekkingarleit sinni. Börn læra af öðrum sem standa þeim vitsmunalega framar. Þau verða að nokkurs konar lærlingum í hugsun. Barn eða í þessu tilfelli nemandi tekur þátt í verkefnum með sér leiknari félagi. Kennslan skiptir

höfuðmáli, en verkefni þurfa að vera innan þroskasvæðis nemanda. Kenning Vygotsky's um hina frægu vinnupalla eða Scaffolding er lýst á þann veg að þroska barnsins eða (nemanda) má líkja við byggingu. Barnið getur síðan í samvinnu við sér færari einstakling eða kennara byggt ofan á þekkingu sína. Það má því segja að Þórbergur hafi unnið samkvæmt vinnuþöllum í tímum hjá Birni. Hann fór það sem Þórbergur kallaði skemmtilega leið í kennslu. (Schaffer, David R 2002:246-254).

Þórbergi dauðleiddist þetta endalaus puð sem fylgdi skólagöngunni. Bækurnar voru eins og áður hefur komið fram þurrar og leiðinlegar og vöktu ekki hjá honum áhuga. Hann botnaði hvorki upp né niður í því, því þeim var ekki kennt meira um tilgang lífsins. Hann vildi byggja upp sál sína og opna nýjar víðáttur, eða með öðrum orðum sjá tilgang í lífinu og líta heiminn nýju ljósi. Þórbergur varð alltaf að vera að grúska í mannlegum hugsunum, hvers vegna er þetta svona, en ekki hinsegin? Hann leitaði sannleikans í öllum gerðum. Það sem vantaði upp á kennsluna í Kennaraskólanum var að auka manngildi nemenda. Það er víst undirstaða góðrar menntunar.

Ofvitinn úr Suðursveit sótti ekki mikið í félagsskap annarra nemenda eða fundi og skemmtanir á vegum skólans. Hann var sérvitur og einmana. Kom einsamall í skólann og fór einn, með bækurnar undir hendi. Ákveðin tvöfeldni gerði vart við sig í bók hans *Ofvitinn*, en ekki er endilega víst að það hafi endurspeglað hug hans.

(Þórbergur Þórðarson 2001:16-38).

2.3 Kennslustörf

Þó svo að Þórbergur hafi ekki lokið námi við Kennaraskólann vann hann við kennslustörf seinna á ævinni. Hann hafði ákveðnar skoðanir á ýmsum málefnum m.a. tengdum kennslu og var ófeiminn við að tjá sig. Ekki voru allir sammála honum eins og hann átti eftir að reyna á eigin skinni.

Þórbergi var umhugað að vel væri staðið að menntun og uppfærðslu barna. Hann kynnti sér hvernig staðið væri að þeim málum víða um heim. Bar saman upplýsingar (frá árunum í kringum 1910) frá ýmsum löndum varðandi ólæsi og dró sínar ályktanir. Þá hafði hann kynnt sér ástand fangelsismála í Bandaríkjunum frá sama tíma. Hann komst

meðal annars að þeirri niðurstöðu að þar sem kaþólska kirkjan réði ríkjum væri ástandið einna verst. Flestir þeir sem sátu í fangelsum á þessum tíma voru kaþólskrar trúar. Þórbergur leyndi því ekki hversu meгна óbeit hann hafði á öllu því sem tengdist kaþólskri kirkju. Hann ályktaði sem svo að kaþólskri kirkju væri nokkuð sama um menntun sóknarbarna sinna hvort sem það tengdist hjarta eða heila. Þar átti hann sennilega við almennt siðgæði og hefðbundna grunnmenntun, lestur og skrift.

(Þórbergur Þórðarson 1986a:59-61).

Árið 1919 réðst Þórbergur sem stundakennari í íslensku við Iðnskólann og 1920 við Verslunarskólann. Nokkrum árum áður hafði hann skráð hugleiðingar sínar varðandi framtíðina og gat þess meðal annars. að hann hefði einsett sér að nema íslenskt mál og bókmenntir í Háskólanum í fimm ár, hafði þá lokið einu og hálfu ári. Jafnframt því hugðist hann bæta við sig erlendum tungumálum og fá undanþágu til að ljúka meistaraprófi. Að því loknu átti að skrifa doktorsritgerð um samanburðarmálfræði og sinna fræðistörfum. Síðan myndi hann reyna að komast að sem kennari, launin sagði hann vera aukaatriði. Fræðistörfin áttu greinilega hug hans allan og m.a. fékkst hann við verkefni tengt Snorra-Eddu og gat nýtt sér þekkingu sína til aðstoðar menntaskólanemum sem sóttu til hans einkatíma í fræðunum. Þá var Snorra-Edda lesin til stúdentsprófs.

Þórbergur fékk ekki undanþágu til þess að taka meistaraprófið og gat því ekki haldið sínu striki í náminu en sinnti kennslustörfum, eins og áður sagði.

(Halldór Guðmundsson 2006:108-109).

Ekki er erfitt að áætla að Þórbergur hafi haft ánægju af kennslustörfum, hann nefnir það í áætlun sinni um frekara nám að hann gæti vel hugsað sér að kenna, koma þeim fróðleik á framfæri sem hann sjálfur hafði aflað sér. Þá eru til frásagnir af því þegar verslunarskólanemar, á þriðja áratug síðustu aldar, sóttu hann til forfallakennslu og brást hann þá fljótt og vel til. Göngulag hans þótti sérkennilegt, hann gekk hratt eða hljóp við fót. Það gerði hann einnig þegar nemendur sóttu hann til kennslu og líklegt að honum hafi þótt kennslan það skemmtileg iðja að hann hafi viljað flýta sér til starfa.

(Halldór Guðmundsson 2006:102).

Ekki er líklegt að hann hefði gengið svo rösklega hefði honum leiðst að kenna, ef marka má vinnuafköst hans til sveitastarfa og annarra þeirra líkamlega erfiðu starfa sem honum leiddust mest.

Bók Þórbergs, *Bréf til Láru*, kom út 1924. Í upphafi var hún hugsuð sem bréf til vinkonu höfundar, sem bjó á Akureyri. Hann fékk þær fréttir að Lára lægi veik og ákvað að rita til hennar bréf sem innihélt ýmsan fróðleik, gagnrýni á ýmis mál og ekki síst þjóðfélagsádeilu. Þórbergur opinberaði skoðanir sínar á ríkjandi skipulagi þjóða og boðaði um leið sósíalisma sem hið eina rétta úrræði til mannsæmandi lífs. Við útkomu bókarinnar varð, vægast sagt, allt vitlaust. Margir urðu til þess að gagnrýna skoðanir Þórbergs, bæði munnlega og skriflega. Hann stóð sjálfur í ritdeilum og fór svo að lokum að hann missti kennarastöður sínar við Iðnskólann og Verslunarskólann. Það þótti t.d. hræsni af hans hálfu að skrifa líkt og hann gerði á meðan hann þáði laun úr ríkissjóði fyrir kennslustörf og væri jafnframt styrkþegi vegna rannsóknarstarfa sem hann sinnti í á sviði orðasöfnunar. Í kjölfarið var styrkurinn lækkaður.

(Pétur Gunnarsson 2007:143-145).

Þrátt fyrir að ekki hafi verið kvartað undan kennslustörfum Þórbergs við Iðnskólann þótti það ekki við hæfi að hann héldi áfram að kenna. Þáverandi bæjarstjóri taldi að maður sem hefði skrifað bók eins og *Bréf til Láru* gæti ekki verið hæfur til að uppfærða nemendur og leiðbeina þeim. Þar sem skólinn reiddi sig á styrk frá bænum var látið undan. Sagan endurtók sig í Verslunarskólanum. Ekki þótti við hæfi að maður með slíkar stjórnmalaskoðanir kenndi við skólann.

Það voru því utanaðkomandi öfl sem réðu því að Þórbergur missti kennarastöðurnar sökum stjórnmalaskoðana en ekki vegna frammistaða hans. Þótti hann hafa lagt sig allan fram við kennsluna enda voru skólastjórar þessara menntastofnanna ekki í hópi þeirra sem vildu hann burt. Það sem réði voru peningamál, skólarnir höfðu ekki efni á að missa styrki og það vissu þeir sem réðu yfir fjármagninu.

Áfallið hlýtur að hafa verið tölvuvert. Hann vildi vel með þessum skrifum, taldi sig vera breiða út boðskap sem gæti opnað hinum snauðu leið til betra lífs, en missti svo vinnuna fyrir skoðanir sínar. Í ævisöguhandriti hans sjálfs kemur fram að hann varð fyrir miklum vonbrigðum. Fannst sem fólk hefði svikið sig og einmitt þeir sem honum hafði verið svo umhugað að öðluðust betra líf líkt og verkafólkið. Stéttin sem hann þekkti svo vel bjó við bág kjör sem honum var umhugað um að bæta. „Mér lærðist einnig á þessum árum, að vænta einskis góðs af neinum, treysta aldrei nokkrum manni, en taka við því góða sem óvæntri og óverðskuldaðri náðargjöf“ (Halldór Guðmundsson 2006:239).

Eftir nokkra vikna dvöl í Arnhem í Hollandi öðlaðist hann réttindi til kennslu málsins. Við heimkomuna hélt hann námskeið og kenndi um tíma. (Pétur Gunnarsson 2007:188).

3. Sálmurinn um blómið

3.1 Sobbeppi afi kynntur til sögunnar

Í bók Þórbergs *Sálminum um blómið* líta dagsins ljós margar skemmtilegar persónur. Ein þeirra er gamli maðurinn eða Sobbeppi afi. Það hefur eflaust reynst litlu barni erfitt að segja Þórbergur og því kallaði hann sig Sobbeppi afa. Kona hans Margrét fékk nafnið Mammagagga. Litla stúlkan heitir Helga Jóna, en oftast kölluð Egga la eða lilla Hegga. Þórbergur talar oft um litlu manneskjuna.

Persónan Sobbeppi afi er ekki endilega Þórbergur sjálfur heldur mikið frekar staðgengill hans eða fulltrúi. Fyrirmyndin er þó tvímælalaust Þórbergur sjálfur, líkt og litla stúlkan Helga Jóna er fyrirmyndin af litlu manneskjuni eða lilla Heggu.

Þórbergur gat sem höfundur látið persónuna Sobbeppi afa segja og gera ýmislegt sem hann hefði e.t.v. ekki gert sjálfur. Skoðanir Þórbergs koma þó skýrt fram í persónunni líkt og viðhorf hans til ýmissa mála. Forðast ber að líta á þá sem eina og sömu manneskju því höfundur getur auðveldlega leikið sér með orð og efni.

Fyrstu kynni hans af litlu manneskjuni eru um haustið 1943, þá er hún á þriðja mánuði og flytur í sama hús og hann. Þórbergi fannst nú ekki mikið til þessarar veru koma. En þessi litla stúlka fylgdi honum í nokkur ár og lærði ýmislegt af kynnum sínum við gamla manninn. Lilla Hegga er önnur aðalpersónan í bók hans *Sálmurinn um blómið*. Sú bók fjallar að mestu um samskipti Þórbergs og Helgu og má segja að hann hafi verið henni eins konar lærimeistari. En Þórbergi var mjög umhugað um að fræða börn um tilgang lífsins og gerði hann það á sinn hátt.

Sögupersónan Sobbeppi afi er eins konar figúra. Hann gefur sér þetta nafn og notar ýmist það, eða gamli maðurinn. Þetta er notað í þeim tilgangi að aðgreina Þórberg frá Sobbeppa afa.

Sobbeppi notaði þá leið í samskiptum sínum við lillu Heggju að hann fór niður á hennar plan. Oft þegar hann var að fræða hana, en hann hafði mikinn áhuga á því, sagði hann ekki alltaf satt og rétt frá. Hann notaði sínar eigin aðferðir. Sem dæmi má nefna nöfn á skipum og dýrum. Stóru skipin nefndi hann lassfossa og fiskarnir hétu lengi vel hvalir. Ýmist voru þeir góðir eða vondir. Tilgangur þessarar frásagnarlistar hefur eflaust verið sá að miðla efninu í smáskömmtum.

(Þórbergur Þórðarson:1986b:161-197).

3.2 Heimskan, mesta böll í heimi

Þórbergur tók að sér það hlutverk að uppfræða þá sem höfðu áhuga um tilgang lífsins. Má segja að hann hafi verið í hlutverki lærimeistara hvað Helgu Jónu varðar. Þær voru ófáar stundirnar sem hann gaf af sér í að sýna og útskýra fyrir henni hvernig hitt og þetta virkaði í lífinu.

Sobbeppi afi var eitt sinn að útskýra fyrir lillu Heggju af hverju menn færu í stríð. Hann fór þá leiðina að segja að menn vildu hætta í stríði svo þeir kæmust heim í fallegu sveitina sína þar sem alltaf er bjart og allir góðir. Þar ríkir ekki stríð heldur friður og ró. Eflaust hefur hann haft Hala í huga þegar hann fjallar um frið og ró.

Fyrirlitning hans gagnvart heimskunni skín víða í gegn í ritum hans. Hann hafði til að mynda ekki mikið álit á Hitler og aðgerðum hans. Hann áleit hugsanir hans svartar. Það að fara í stríð og drepa er ekki fallett. Hitler var drepinn því hann gat ekki drepið nógu marga og fékk ekki það sem hann ásældist. Hugsanir Hitlers voru heimskar. Flest stríð eru háð sökum þess að þeir ríku vilja meira. En menn Hitlers voru það heimskir að þeir skildu það ekki. Þeir létu ekki lífið í stríðinu fyrir Guð eða land sitt og alls ekki fyrir heiminn. Það sem varð þeim að falli, var heimska þeirra og græðgin fyrir ríku mennina.

„Það er ekkert til í heiminum, lilla Hegga, sem er eins hræðilegt og heimskan. Þess vegna er ég alltaf að reyna að fræða þig, svo að þú verðir ekki eins heimsk og stríðsfólkið hans Hitlers“ (Þórbergur Þórðarson 1986b: 412).

(Þórbergur Þórðarson 1986b:407-412).

3.3 Samskipti við krakkana

Samskipti Þórbergs við krakkana í húsinu og nágrenninu voru góð. Einkum þó samskipti hans við lillu Heggu. Hans fyrstu kynni af henni voru þegar hún var ungabarn, en hann fylgdist með henni vaxa og dafna með árunum. Fyrstu árin kom litla manneskjan á fjórum fótum í heimsókn upp til Sobbeppi afa og Mömmugögggu. Þar var hafsjór af dóti sem hún þurfti að kanna. Gamli maðurinn var natinn við að sýna henni hvernig ýmis tæki og tól virkuðu. Hann átti forláta hitamæli sem var í laginu eins og fimmaurapeningur. Litlu manneskjunninn fannst stórundarlegt að sjá hvernig hann virkaði. Hann hafði eins og áður sagði gaman af því að mæla allt mögulegt, til dæmis með skrefamæli. Það fannst litlu manneskjunninn skrítíð tæki.

Oftar en ekki fékk litla manneskjan að gista uppi hjá þeim hjónum. Hún var háttuð í rúmið hennar Mömmugögggu og Sobbeppi afi las fyrir hana tvær bækur. Gamli maðurinn og lilla Hegga sátu oft saman í þjóðsögustofunni og hann las fyrir hana þjóðsögur. Það þýddi ekkert fyrir gamla manninn að plata litlu manneskjuna. Hún kunni sögurnar utan bókar. Hann varð alltaf að lesa fyrir hana langa sögu, ekki stutta, þær voru svo leiðinlegar, sagði hún. Einu sinni sem oftar þegar hann hafði lokið við að lesa fyrir hana sögu, sátu þau og spjölluðu saman. Gamli maðurinn sagði henni frá hrafni sem bjó heilan vetur heima í bæ í sveit nokkurri. Hrafnar eru vitrar verur og því þarf maður alltaf að vera góður við þá.

„Hrafnarnir eru vitrari en mennirnir. Og sá, sem ekki skilur sálina í hrafninum, hann skilur ekki lífið. Og sá, sem skilur ekki lífið, hann gerir margt, sem er vont og vitlaust, hann verður einhverntíma fyrir þungum sorgum. Þess vegna verða menn, Hegga mín, að reyna að skilja lífið, svo að þeir geti gert það, sem er rétt og gott og verði ekki fyrir þungum

sorgum. Og fuglarnir og dýrin eru eins og mennirnir. Þau eru góð við þá, sem eru góðir við þau, og vond við þá, sem eru vondir við þau. Svona er lífið, lilla Hegga!“ (Þórbergur Þórðarson 1986b: 229).

Þær voru ófáar stundirnar sem Sobbeppi afi eyddi í að fræða lillu Heggu um lífið og tilveruna. Ein hjátrú hans var sú að undirrot allra mannglegra meina væri fáfræðin.

Uppáhaldssaga litlu manneskjunnar var sagan um það þegar amma hans Sobbeppi afa dó og afi hans var fullur og sálmurinn var sunginn blómið. Þetta var afar áhrifamikil saga. Hún snerti ekki einungis höfuðið á litlu manneskjunni heldur hjartað og hendurnar. Það var önnur hjátrú gamla mannsins að engin saga væri góð nema hún hefði þrjár náttúru sem voru fróðleikur, göfgi og örvun. Með öðrum orðum varð hún að snerta höfuðið, hjartað og hendurnar.

Litla manneskjan hafði ákaflega gaman af því að skoða dýrabók uppi hjá gamla mannum. Hann fræddi hana um góðu og vondu dýrin og um innræti þeirra. Hvalirnir voru ýmist vondir eða góðir. Þeir vondu vildu drepa lassfossana, en góðu hvalirnir ráku þá vondu frá lassfossunum. Seinna þegar litla manneskjan hafði aldur og þroska þá sagði hann henni sannleikann. Hvalirnir vildu sökkva skipunum niður í sjóinn ekki drepa þau. Þórbergur hagræddi sannleikanum þegar hann þurfti þess, rétt eins og hún gerði. Það var jafnræði með þeim.

Sobbeppi afi og lilla Hegga fóru oft í gönguferðir um hverfið. Þá notaði hann tímann og fræddi hana um allt sem á vegi þeirra varð. Þau lögðu oft leið sína niður á hafnarbakka. Kvöld eitt kallaði gamli maðurinn á vinkonu sína og bað hana að koma með sér í gönguferð. Þau löbbuðu um hverfið og enduðu á Ægissíðunni. Þar benti hann henni á framstafninn og afturstafninn og lét sem skipin væru lifandi karlar. Sobbeppi afi vildi hafa allt lifandi í kringum sig. Gamli maðurinn vildi ekki kenna henni öll skipsheitin í einu því hann var vitur spekingur. Þau fóru því aftur seinna, þá bætti hann við kunnáttu hennar.

Sobbeppi afi áleit að heimurinn hefði tvær hliðar. Hann líkti heiminum við tunglið. Önnur hliðin sneri á móti fólkinu og allir gátu séð hana, en hin sneri frá fólkinu og hana sáu bara skyggir menn. Sobbeppi afi hafði gaman af því að fræða og þegar hann fór með fólk í landkynningu, t.d. á Hala, þá sagði hann alltaf frá báðum hliðum landsins. Hann hélt því fram að á Hala væri steinn sem talaði. Hann hét Steinn Hvamstar, því hann

bjó í hvammi. Lilla Hegga spurði undrandi hvort hann væri andi? Sobbeppi afi sagði henni að hann væri bæði andi og líkami. Hann rölti upp að steininum og lagði lófana að honum, süss hann er að tala við mig. Litla manneskjan glotti, hún hefur verið búin að týna honum guði í sér, því hún trúði þessu ekki.

Í húsinu bjó líka stelpa sem kölluð var Biddu systir. Hún var leikfélagi lillu Heggu og árinu eldri en hún, oft voru þær upp á kant hvor við aðra, en sættust og urðu vinkonur aftur. Biddu systir var ótrúlega flink í að renna sér niður handriðið í blokkinni hjá þeim. Hún fór ofan af fimmtu hæð og endaði niðri í kjallara.

Lilla Hegga talar mikið um Biddu við Sobbeppi afa. Oftast var hún að verja hana. Af bókinni, *Sálmurinn um blómið*, að dæma virðast sem samskipti Sobbeppi afa við Biddu hafi eingöngu farið fram í gegnum lillu Heggu. (Þórbergur Þórðarson 1986b:161-483).

En í raunveruleikanum voru þau mun meiri ef marka má bréf sem Þórbergur og Margrét sendu Biddu (Birnu) seinna á lífsleiðinni. Í bókinni *Bréfin hans Þórbergs til Lillu Heggu og Biddu Systur* talar Biddu um að henni hafi þótt Þórbergur nokkuð skrýttinn en hún treysti honum alltaf. Hún mat það við Þórberg að hann slepti öllum siðapredikunum og talaði ekki við börnin í umvöndunartón, líkt og margir gerðu. Hún sagði hann líka hafa hlustað á það sem krakkarnir höfðu að segja. (Bréfin hans Þórbergs 1982:132).

Skapsmunir Biddu þóttu nokkuð ólíkir skapsmunum lillu Heggu og stundum kom það fyrir að þær rifust, því báðar höfðu þær sínar meiningar og stóðu við þær. Skoðanir þeirra á stjórnámálum og hvað gerðist eftir dauðann voru ekki þær sömu og urðu oftar en ekki tilefni ósættis þeirra á milli. Gamli maðurinn og litla manneskjan ræddu stundum sín á milli hversu erfitt það gæti orðið fyrir þau að snúa Biddu í skoðunum í sambandi við eilífðarmál og stjórnámál. (Bréfin hans Þórbergs til Lillu Heggu og Biddu Systur 1982:60).

Í bókinni um bréfin kemur einnig fram að Þórbergur fékk leiðsögn í dansi hjá stelpunum því þær kenndu honum nokkur ballettspor. Sjálfar voru þær í danstímum og kenndu honum nokkrar stöður eða „pósisjónir“ (Bréfin hans Þórbergs 1982:87-89).

Með því að þiggja kennslu í fótafimi hjá telpunum færði Þórbergur ábyrgðina yfir á ungar herðar þeirra, snéri hlutverkinu við. Þær sem áður höfðu verið nemendur hans voru nú kennarar hans og hann nemandinn. Hann færði ábyrgðina yfir til þeirra og kynntist um leið þeim heimi sem telpurnar hrærdust í. Í þessu tilfelli dansinn.

3.4 Skiptir sannleikurinn máli? Fyrirlitning gagnvart lygurunum

Þórbergur og kona hans Margrét lögðu sitt af mörkum svo að litla manneskjan lærði að segja satt. Einu sinni þegar lilla Hegga var að leika sér á róluvelli nálægt heimili sínu sá Margrét hana koma og var hún frekar niðurlút ásýndum. Hún sagði Mömmugöggu að vond stelpa hefði sparkað í sig á róluvellinum. Lilla Hegga var hágrátandi og miður sín yfir hátterni stúlkunnar. Næsta dag fór lilla Hegga upp til Mömmugöggu til þess að létta á syndum sínum. Hún hafði ekki sagt satt og rétt frá atvikinu á róluvellinum. Nú leið henni illa yfir því og sagði Mömmugöggu allt af létta. Sagan var þá þannig að lilla Hegga hafði eyðilagt eitthvað sem stelpan átti á róluvellinum, líklega var það kofi.

Einhverju sinni þegar lilla Hegga var á róluvellinum hitti hún strák að nafni Haukur. Hún sagði Sobbeppi afa að hann Haukur hefði migið á hana og „skítt” á fiðluna. Gamli maðurinn varð alveg hvumsa, ha meig hann á þig og skítti á fiðluna? Já, svaraði lilla Hegga. Sobbeppi afi varð nú forvitinn og vildi fá að berja gripinn augum. Hvar á hann heima, spurði hann? Hérna í hverfinu, svaraði hún. Seinna voru þau á göngu og lilla Hegga segir: Þarna er hann. Þetta er hann Haukur sem skítti á fiðluna. Sobbeppi afi labbar upp að drengnokka á að giska fimm ára og segir: Er þetta hann Haukur sem skítti á fiðluna? Strákurinn varð hálf álkulegur og virtist ekkert vita um hvað gamli maðurinn var að tala. Nú kveikti Sobbeppi afi á perunni og vissi að lilla Hegga var ekki að segja satt. Þetta var þá ekki Haukur, heldur Björgvin frændi hennar Biddu vinkonu hennar. Fiðlan var ekki fiðla, heldur munnharpa. Sobbeppi afa sárnaði þessi framkoma litlu manneskjunnar.

Sobbeppi afi varð oft í frásögnum sínum að bera fyrir sig hvíta lygi. Oftast sagði hann litlu manneskjunnar satt, þegar hún hafði náð ákveðnum þroska. Hann breytti gjarnan frásögnunum í takt við aldur hennar og það sem sálin í henni þyldi. En eitt var það sem hann kærði sig ekki um og það var að seinna meir ræki hún sig á að vitringurinn vinur hennar hefði skrökvað að henni. Hann fyrirleit skrökvara. Einu sinni eftir sögulestur spyr lilla Hegga Sobbeppi afa að því hvort sagan hafi verið sönn. Sobbeppi afi fékk næstum því slag. Andrúmsloftið gerbreyttist, hvað átti hann að segja henni? Er hann guð nú alveg farinn úr litlu manneskjunnar? Hann áleit að eftir því sem lilla Hegga eltist færi guð úr

henni. Þegar hún var lítil og trúði nánast öllu sem sagt var við hana, var mikið af guði í henni.

Sobbeggi afi var búinn að telja litlu manneskjunni trú um að hún væri skyggn. Hann spurði hana eitt sinn hver hefði verið í heimsókn hjá honum kvöldið áður. Lilla Hegga svaraði kotroskin og þuldi upp fjöldann allan af fólki. Ekki giskaði hún á rétt svar, en Sobbeppi afi trúði henni þá fyrir því að skyggn kona hefði heimsótt hann kvöldið áður. Lilla Hegga taldi sig nú alveg samboðna henni og sagðist sjálf vera skyggn. Karlinn varð alveg hvumsa og ákvað að prófa hæfileika hennar aðeins nánar. Hann spurði hana reglulega hvort hún sæi eitthvað. Jú, hún hélt það nú og fór að þylja upp margs konar fólk og dýr. Hann varð afar ánægður með framför hennar og bað hana um að vera með áframhald á skyggnilýsingunni daginn eftir. Lilla Hegga mætti að sjálfsgöðu daginn eftir og hélt áfram að skemmta gamla mannum með allskonar vitleysu sem hún hélt að myndi gleðja hann. En nú talaði sú stutta af sér og fór að bulla. Þá hætti hún snögglega og það hálf fauk í hana. Sobbeppi afi bað um skyggnilýsingu daginn eftir. Þá svaraði sú stutta óþýðri röddu að hún væri bara ekkert skyggn. Nú varð Sobbeppi afi hálfþúll og segir: Sérðu ekki neitt? Varstu þá bara að ljúga þessu að mér? Já, svaraði hún forhert. Gamli maðurinn bað hana um að fara því hann vildi ekkert samneyti hafa við lygara. Lilla Hegga skaust eins og skuggi niður til sín, ekkert sást til hennar í nokkra daga. Gamli maðurinn sat aleinn og sorgmæddur uppi og beið komu hennar.

Eflaust hefur hann nú vitað það að litla vinkona hans myndi reyna allt til að gera honum til geðs. Það er alveg spurning hvor ætti að taka á sig sökina á lygi hennar? (Þórbergur Þórðarson 1986b:201-338).

Sobbeppi afi telur telpunni trú um að hún sé skyggn. Til að þóknast honum segir hún frá fólki og dýrum sem hún telur sig sjá, þar til hún missir sig í skröksögunum og skammast sín fyrir það sem hún sagði. Líklegt er að á þeim tímapunkti hafi litla telpan gert sér einhverja grein fyrir muninum á sannleika og lygi. Með því að fá telpuna til að trúá einhverju og láta hana ganga alla leið hafi gamli maðurinn ætlað að kenna henni muninn á sannleika og lygi. Sennilega átti hann ekki von á sterkum viðbrögðum hennar, sem útskýrir hversu sár hann varð þegar hún rauk út og lét ekki sjá sig á fjórðu hæð um tíma.

Börn þurfa að hafa náð ákveðnum þroska til að skilja til fulls muninn á sannleika og tilbúningi. Dr. Jean Piaget hélt því til dæmis fram að börn að 4ra ára aldri ættu það til að nota aðferðir eins og ósannsögli til að gera foreldrum sínum til hæfis. Hvað eina sem gerir foreldra ánægða, jafnvel lygi, er gott mál. Aftur á móti er slæmt að koma foreldrunum í uppnám, þess vegna geta börn litið á lygina sem lausn til að særa ekki þá sem þeim þykir vænt um. Í okkar tilfalli var það uppfræðarinn sem átti að gleðja, með því að viðurkenna skyggnina og spinna sögur.

(Garber Stephen W, Garber Marianne Daniels, Spitzman Robyn Freedman 1989:133).

3.5 Sobbeppi afi séður með augum lillu Heggu

Lilla Hegga bar mikla virðingu fyrir gamla manninum, vini sínum og lærimeistara Þórbergi. Samskipti þeirra voru ávallt góð, en þau einkenndust mest af því að hann var í hlutverki uppfræðara. Hann gaf sér ómældan tíma í að útskýra fyrir henni alla mögulega og ómögulega hluti. Aðferð hans við uppfræðsluna tengdist alltaf aldri hennar og þroska. Þegar hún var ung voru aðferðirnar fáar og einfaldar. Eftir því sem hún varð eldri tók hann til við að segja henni sannleikann og notaði þá erfiðari orð og aðferðir. Hann þreyttist aldrei á að hlusta á hana og stúdera það sem hún hafði frá að segja. Það eitt að hann útbjó sína eigin bók með orðum sem hún notaði sýnir að hann hafði áhuga á að kynna henni og barnæsku hennar. Þeim heimi sem hún þekkti.

Þegar lilla Hegga gisti hjá þeim hjónum, einu sinni sem oftast, var hún yfirleitt vöknuð löngu á undan þeim. En af því að hún var kurteis gestur þá beið hún uppi í rúminu þar til Sobbeppi afi var vaknaður og farin að muldra. Þá lagðist hún hjá honum og bað hann að segja sér sögu. Litla manneskjan var búin að uppgötva að Sobbeppi afi var eins og hún, trúgjarn og einfaldur og svoleiðis fólk var oft auðvelt að afvegaleiða. Þess vegna hefur karlinn haft gaman af uppátækjum hennar og oftast tekið fullan þátt í þeim með henni.

Þegar Sobbeppi afi fann rottuna heima hjá sér kættist litla manneskjan yfir hræðslu karlsins. Hún hafði ekki séð þessa hlið á honum áður. Upphófst mikill og æsandi

eltingaleikur við að ná rottunni. Sobbeggi afi var búinn að taka allar bækurnar úr hillunum, en rottufjandinn hljóp ennþá laus um stofuna. Rottan kemur nú á siglingu og stefnir á Sobbegga afa, hann tekur undir sig stökk og hoppar upp á næsta stól. Þá hló lilla Hegga og sagði: „ Sjotta sjotta! Sobbeggi afi ræddur sjotta“ (Þórbergur Þórðarson 1986b:192).

Það sem fyrst kom upp í huga Sobbegga afa var: Þegiðu skömmin þín. Hún átti ekkert með að vera ljóstra þessu upp skömmin litla. Hann sem hræddist nánast ekki neitt.

Lilla Hegga hafði gaman af því að heimsækja gamla manninn og færa honum nýjustu fréttir úr útvarpinu. Hún vissi að hann nennti ekki að eyða tíma sínum í að hlusta á útvarpið. Gamli maðurinn fór stundum með hana í leik þar sem þau sigldu umhverfis jörðina og komu þá við á ótrúlegustu stöðum og skoðuðu mannlífið þar. Þetta fannst henni gaman. Sobbeggi afa fannst litla manneskjan ekki hafa nógu mikið gaman af dýrð himinsins. Því tók hann hana oft með sér út á altan á kvöldin og sýndi henni stjörnur og tunglið. Litla manneskjan hafði lúmskt gaman af tunglinu og sá í því ýmsar samlíkingar með vinum sínum. Gamli maðurinn spurði hana þá gjarnan spurninga á borð við: Er tunglið gott eða vont? Ætli það sé langt til tunglsins? Hann útskýrði fyrir henni að það sem við sæjum svona langt frá okkur væri pínulítið því það er svo langt í burtu. Ljósinn á ljósastaurunum rétt hjá okkur titra ekki, því við erum svo nálægt þeim. En ljósinn á Seltjarnarnesi eða úti á Álftarnesi titra og blikja því þau eru svo langt í burtu. Svona gat Þórbergur endalaust útskýrt fyrir litlu sálinni af hverju lífið var eins og guð skapaði það. Gamli maðurinn og barnið áttu veikleikana sameiginlega sem jafnframt gerðu þau að manneskjum.

(Þórbergur Þórðarson 1986b:174-433).

4. Hvaða aðferðir notaði hann

4.1 Virðing fyrir litlum sálum

Litla manneskjan átti ömmu, sem var nafna hennar. Sú Helga bjó á Grímstaðaholti, í göngufæri frá Hringbraut 45. Helga eldri bjó með manni, sem hét Jón og Sobbeggi afi þekkti vel. Helga litla sótti það fast að heimsækja ömmuna, ekki síst vegna þess hversu dugleg hún var að gefa litlu manneskjunni ýmis sætindi svo sem kökur og sælgæti sem sú stutta var mjög sólgin í. Hún var mjög ung þegar hún lagði land undir fót og fór gangandi til ömmunnar. Rétt rúmlega tveggja ára, segir í *Sálminum um blómið*. Hún virtist rata alla leið og meira að segja í mjög vondu veðri, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar sama kvöldið. Eftir að pabbi hennar hafði komið og sótt hana á bílnum lét hún sig hverfa og gekk til baka til ömmunnar. Á miðri leið fann pabbinn hana aftur og tók upp í bílinn. Gamli maðurinn var hrifin af dugnaði hennar, ratvísi og almennri bjartsýni á lífið. Hann taldi leitun að hugrakkari telpu á Íslandi. Ekki er þó víst að Þórbergi hafi verið létt um hjartarætur á meðan telpan var úti í vondu veðri en Sobbeggi afi lætur hana þó ekki finna það.

Á leið sinni til ömmunnar voru þó hindranir sem litla manneskjan hræddist mikið en það voru þeir félagar góði skafarinn og vondi skafarinn. Miklar ófreskjur í augum lítillar en kjarkmikillar stúlku. Annar þeirra, sá vondi, fór um götur, biksvartur, með miklum óhljóðum. Henni fannst stundum sem hann elti sig og reyndi að skemma stemninguna sem óneitanlega fylgdi heimsóknnum til ömmunnar á Holtinu. Litla manneskjan átti þá fótum sínum fjör að launa þegar hún með sínar stuttu fætur varð að rjúka burt af veginum svo hún yrði ekki undir þessum vonda ára. Hinn skafarinn virtist vera mun skárri og fékk viðurnefnið góði skafarinn. Hann hélt sig til hlés a.m.k. þegar sú stutta var á ferli. En virtist hugsandi og gat svo sem farið af stað þegar minnst varði. Það hræddist litla manneskjan. Í raunveruleikanum voru þetta sennilega vegheflar, sá vondi var þá sá sem var á ferðinni en hinum hefur verið lagt á stað sem var á leið telpunnar til ömmu.

Stundum fór Sobbeppi afi með litlu stúlkunni í gönguferðir og reyndi þá að útskýra fyrir henni hugsanagang vonda skafarans og þóttist vera hræddur við hann en skoðaði þann góða. Þannig sýndi hann hræðslu hennar samúð og skilning.

Oft er það sem hinar léttvægustu uppákomur í augum fullorðinna geta magnast og orðið að sálarkreppu hjá börnum. Ekki síst ef slíkt fær að magnast einhvern tíma.

Eitt sinn, skömmu fyrir jól, spurði gamli maðurinn litlu stúlkuna hvort hún hefði heimsótt nöfnu sín á Grímstaðaholtinu nýlega. Sú stutta sagði að amman væri orðin svo ljót.

Nei, hún er orðin svo gömul og ljót, hún amma á Holtinu,“ svo dró hún bein strik með bendifingri hægri handar skáhallt út og niður frá hokunni á sér, munninum, nefbroddinum og augabrúnunum og segir um leið: „Hökan þangað, munnurinn þangað, nefið þangað, augun þangað.”

(Þórbergur Þórðarson 1986b:213).

Lýsing litlu manneskjunnar var meira í ætt við mynd eftir Picasso heldur en lifandi roskna konu. Þessi lýsing varð fræg í stigaganginum á Hringbraut 45, en listakonan sjálf var ekki alveg búin að tapa öllu því góða úr sál sinni þannig að hún hélt tryggð við ömmuna sína og hélt áfram að heimsækja hana þrátt fyrir „slæmt útlit“. Hún varð logandi hrædd um að lýsing hennar fréttist á Grímstaðaholtið. Svo mjög að það var sem hún „gengi á glóðum“ þegar einhver úr húsinu skrapp þangað í heimsókn. Óttaðist hún að einhver myndi kjafta frá. Eitt kvöld þegar þau tvö, gamli maðurinn og litla manneskjan, fóru í gönguferð í allt öðrum erindagjörðum fékk hann telpuna til að koma með sér í heimsókn til ömmunnar, en áður varð hann að lofa því að nefna ekki listræna lýsingu telpunnar á ömmunni. Hann lofaði því og stóð að sjálfsögðu við það. Sú stutta stóð samt á verði og gætti þess að hann stæði við lofordið.

En þessi listræna lýsing var farin að valda telpunni miklu hugarangri og fylgdi henni hvert sem hún fór. Þessu fylgdi kvíði og endalaus ótti um viðbrögð ömmunnar. Ástandið var orðið líkast því að litla manneskjan væri með draug á hælunum. Gamli maðurinn vildi hjálpa henni og kveða niður þennan ljóta draug en það gat verið erfitt sérstaklega þar sem sá sem vekur upp drauginn þarf að kveða hann niður sjálfur. En gamli maðurinn fann svo til með litlu stúlkunni þannig að hann ákvað að reyna, ekki síst til að bjarga sálarheill hennar. Tækifærið kom þegar mamma litlu Helgu átti afmæli og von var á Helgu eldri. Sú stutta var alls ekki á því að hleypa gamla manninum og konu

hans í veisluna. Það var líkast því sem draugurinn hefði sest að í telpunni. Inn komust þau samt og telpan fylgdist vel með að gamli maðurinn stæði við loforð sitt. Seinna um kvöldið lét hann verða af því, þegar hann sagði fólkinu í veislunni söguna af því þegar hann hitti litlu telpuna og fékk magnaða lýsinguna á ömmunni. Amman hafði bara gaman af og fannst gamla manninum sem hún væri bara stolt af þeim listrænu hæfileikum sem telpan bjó yfir. Því næst fór gamli maðurinn og sótti þá stuttu, sagði henni frá því sem hann hafði sagt. Hún var ekki þar hrifin en fór samt með honum. Fljótlega varð sem léttara væri yfir henni, búið var að kveða niður drauginn.

Gamli maðurinn vissi að þegar búið væri að kveða niður drauga liði fólki alltaf betur. Því gerði hann þetta, ekki síst til að létta álaginu af ungum herðum, jafnvel þó að hann hefði lofað að þegja. (Þórbergur Þórðarson 1986b:220-222).

Líklegt er að telpan hafi ýkt útlit ömmunnar til að fá athygli hjá gamla manninum. Hann hefur sjálfsagt áttað sig á því hvað var að gerast en ákvað samt að „grilla“ hana í einhvern tíma, ekki síst til að kenna henni að hún hafi kannski gengið helst til of langt í skreytninni. Sennilega var það ein af hans leiðum til að kenna henni að segja satt og halda sig við raunveruleikann þegar kom að lifandi fólki.

Börn eiga ekki alltaf auðvelt með að gera sér grein fyrir muninum á ímyndun og veruleika. Þó svo að frjótt ímyndunarafl sé góður kostur getur það snúist uppí andhverfu sína þegar barn fer að skreyta raunveruleikann með einhverju ímynduðu sem fullorðið fólk veit að eru ósannindi. Líkt og telpan gerði. (Álfheiður Steinþórsdóttir, Guðfinna Eydal 1995:216).

Persónan Sobbeppi afi, sem Þórbergur skapaði, nýtti vel þau tækifæri sem buðust þegar kom að fræðslu fyrir börnin. Hann hafði þá hjátrú „að fáfræðin væri undirrot allra mannlegra meina“. Hann notaði sögur sem tæki til að uppræta fáfræði og upplýsa litlu stúlkuna svo hún yrði ekki fyrir bölinu fáfræði. Að hans mati urðu sögur að hafa þrjár náttúrur. Þær þurftu að vera fræðandi, örvandi og göfgandi. Fræðandi hlutinn átti að tengjast höfðinu, veita uppfræðsluna. Sá sem göfgaði skyldi tengjast hjartanu, gera viðkomandi að betri manneskju og örvandi hluti sögunnar átti að tengjast höndunum. Líklega átti sá hluti að efla sköpunargáfuna. (Þórbergur Þórðarson 1986:237).

Ein var sú saga sem var í mestu uppáhaldi hjá litlu manneskjunni og sennilega Sobbeggi afa sjálfum, en það var sagan um það þegar „amma hans dó, afi hans varð fullur og sálmurinn var sungin um blómið“ (Þórbergur Þórðarson 1986b:237).

Af frásögn Helgu sjálftrar að dæma þá var þetta fyrsta sagan sem Þórbergur sagði henni. Trúlega var hún aðeins þriggja eða fjögurra ára gömul og í minningunni lifði hún sig svo sterkt inn í frásögnina að það var líkast því að hún sjálf hefði verið við þessa útför. Sérstök athöfn skapaðist líka við þessa sögu. Þau hjú lögðu sig saman upp í dívan í herberginu og hann sagði söguna.

(Bréfin hans Þórbergs 1982:57).

Sjálfur ritaði Þórbergur aldrei söguna í heild sinni. Eins og Helga Jóna endursagði söguna fjallar hún um það þegar að amma hans Þórbergs dó og var jörðuð í blíðskaparveðri. Afinn drekkti sorgum sínum með því að dreypa um of á áfengi í erfisdrykkjunni. Hann ruglaði saman og söng „Sálminn um blómið“ og „Komdu kisa mín“ þannig að úr varð eitt lag. (Íslensk Bókmenntasaga IV 2006:598).

Svo mjög var sagan í heiðri höfð að höfundur nýtti sér hana sem bókarheiti þegar hann gaf út frásögnina af litlu manneskjunni. Þá sögu kunni litla manneskjan utanbókar, svo oft hafði Sobbeggi afi sagt henni hana og gat því leiðrétt gamla manninn þegar hann gleymdi eða missti þráðinn einhverra hluta vegna. Hann lagði líka mikið uppúr því að hún kynni söguna vel svo hún gæti sagt ungu fólki hana þegar hún sjálf yrði gömul kona. Hann taldi mögulegt að þá myndu allir vera búnir að gleyma öllum íslenskum sögum.

Sálmurinn um blómið vísar til sálmsins Allt eins og blómstrið eina, eftir sálmaskáldið Hallgrím Pétursson. Sálminn sem hefur verið sunginn í aldaraðir þegar Íslendingar eru jarðsettir. Sagan um viðburðaríka jarðarför ömmunnar uppfyllti ýmis skilyrði, sem að mati höfundar þurftu m.a. að vera sorgleg, matarleg, dularfull, guðræknileg og hátíðleg. Hann mat það líka mikils þegar sögur enduðu á skoplegan hátt.

Í augum litlu stúlkunnar var sagan einstakt meistaraverk og hún þreyttist ekki á að hlusta á hana. Svo vel kunni hún söguna að sögumaðurinn gat leyft sér að gleyma ýmsum þáttum hennar, hún kunni söguna það að vel að hún gat minnt hann á og bætt inn í.

Hún mundi minnstu smáatriði eins og hvað hafði verið borðað eftir jarðarförina, hvað var sungið og hvenær. Gamli maðurinn söng fyrsta erindið í sálminum á svo sannfærandi og tilfinningaþrunginn hátt að litla manneskjan gat ekki annað en grátklökk tekið þátt í svo

sorglegri athöfn sem söngurinn var. Hann spurði hana líka um orsakir atburða og lagði áherslu á að hún segði sína skoðun, líkt og þegar hann spurði um hrafnana í sögunni. Hann lét hana líka finna það að hann virti hennar hugmyndir og kynni að meta þær.

Af hverju ætli hrafnarnir hafi verið að fljúga yfir líkfylgdinni? Spyr Sobbeppi afi. Þeim hefur þótt svo leiðinlegt, þegar hún amma þín var dáiin. Þeir hafa viljað fara með henni til kirkjunnar, svaraði litla manneskjan. Já, þú segir nokkuð svarar Sobbeppi afi. Þetta hefur Sobbeppi afa aldrei dottið í hug (Þórbergur Þórðarson 1986b:239).

Eins og heiti sögunnar gefur til kynna þá fjallar hún um það þegar amma hans Sobbeppi afa dó. Mikið tilstand var í kringum jarðarförina og afinn varð drukkinn og söng *komdu kisa mín* og gamli maðurinn söng lagið með tilþrifum líkt og drukkinn maður.

Sobbeppi afi var líka duglegur að lesa fyrir litlu manneskjuna en var orðinn svo minnislaus að hann mundi ekki alltaf hvaða sögur hann hafði lesið og þá var nú gott að hafa litla stúlku sem hlustanda, því sú stutta hafði gott minni. Hún hafði sérstakt dálæti á löngum sögum og vildi frekar heyra eina langa sögu en nokkrar stuttar. Hún vildi ekki heyra aftur sögur sem lesnar höfðu verið fyrir hana. Þá fannst gamla manningnum að litla manneskjan væri farin að gera listrænar kröfur og það þótti honum merkilegt og bara hið besta mál. Með þessu móti gat hann merkt hvort hún hefði verið góður hlustandi og tekið vel eftir. Hún kom sér vel fyrir á stól og setti sig í stellingar. Hún hafði ákveðinn mælikvarða á hvort saga gat talist stutt eða löng og gamli maðurinn varð að sýna henni stað í bókinni þar sem sagan hófst og hvar sögulokin voru. Hún vildi líka miklu frekar hlusta á eina langa sögu en margar stuttar. Stundum gerðist það þó að litla manneskjan vildi hlusta aftur á langa sögu sem hafði verið lesin og þá mátti gamli maðurinn ekki sleppa neinu úr. Hún virtist vera með það allt á hreinu og var óspör að leiðrétta og harðbannaði sögulesaranum að sleppa úr. Með því að lesa sögurnar aftur og þykjast gleyma gat gamli maðurinn um leið kannað minni litlu manneskjunnar og hversu vel hún hefði tekið eftir í fyrra sinnið.

Þegar gamli maðurinn var að lesa komu oft fyrir orð sem litla manneskjan ekki skildi. Þá breytti gamli maðurinn þeim í orð sem hún skildi eða las þau óbreytt en útskýrði merkingu þeirra um leið og lesið var. Þá bjó hann gjarnan til sögu úr daglegu lífi

litlu stúlkunnar með persónum sem hún þekkti og heimfærði erfiðu orðin yfir á mál sem telpan skildi. Stundum las hann heilu sögunnar á hennar máli. Gamli maðurinn lagði mikið uppúr því að litla manneskjan skildi orðin ekki síst til að auka orðaforða hennar. Oftar en ekki urðu þessar sögustundir að miklum skemmtisamkomum og stundum komu fræðandi pistlar í kjölfarið. Eins og til þess að skerpa frekar á því sem lesið var.

4.2 Eilífðarmálin útskýrð

Í bók Þórbergs um litlu manneskjuna og persónuna Sobbeppi afa, kemur fram að litla stúlkan var mjög myrkfælin og hræddist drauga. Gamla manninum fannst skelfilega erfitt að horfa upp á hræðslu barnsins og vildi með öllum ráðum uppræta hræðslu hennar. Það var hans trú og víska að best væri að gera það með fræðslu. Hann trúði því að þekking væri nánast allra meina bót. Kvöld eitt, þegar litla stúlkan kom í heimsókn til gömlu hjónanna á fjórðu hæð, bað hún gamla manninn að lesa fyrir sig sögu. Þar sem hann trúði því stöðugt og stöðugt að „fáfræðin væri undirrot allra meina“ greip hann tækifærið og ákvað að lesa draugasögu fyrir myrkfælnu telpuna.

(Þórbergur Þórðarson 1986b:249).

Að lestri loknum spurði hann telpuna úti efni sögunnar. Þau ræddu skilgreiningu á draugum, telpan sagði þá vera dáið fólk, sem líka væri vont fólk.

Fáfræði litlu manneskjunnar snertri gamla manninn og hann spurði hana frekar út í það hvort Jón, afi hennar, sem dó á Elliheimilinu, væri þá líka vondur, eða annar Jón sem enn var á lífi yrði vondur þegar hann yrði dáiinn. Ekki var sú stutta viss um það. Þessa karla þekkti hún sem hina vænstu menn. Áfram ræddu þau saman um drauga og gamli maðurinn fléttaði hinar ýmsu lifandi persónur úr lífi stúlkunnar inn í frásögnina. Fljótlega áttaði hún sig á að ekki væri nú víst allir yrðu vondir eftir dauðann. Hér lærði Helga að taka á kvíða sínum. Gamli maðurinn útskýrði sannfæringu sína varðandi vistaskipti við dauða fyrir telpunni. Hans trú var að s.k. annar heimur væri ekki einhver einn staður heldur alls staðar í kringum fólk, bæði á jörðinni, fyrir neðan hana og ofan, inni í húsum og fyrir utan þau, í sjónum og á skipunum. Heim dána fólksins taldi hann vera rétt eins og heim þeirra lifandi og þar væru dái dýr líka. Draugar væru þess vegna

ekki til, heldur bara dáið fólk sem lifði í öðrum heimi. Ástæðuna fyrir því að fólk sér ekki eða finnur fyrir þeim dáu sagði hann vera þá að þeir væru ekki með nægilega sterk augu. Þeir sem gætu séð þá dáu væru með sérstaklega sterk augu og átti hann þar líklega við miðla. Gamli maðurinn taldi sig hafa sannfært litlu manneskjuna og henni væri óhætt að ganga um húsið í myrkri, óhrædd við drauga, og höfðaði til þess að hann myndi aldrei skrökva að henni. Einhver tími hefur sjálfsagt liðið, enda flókið mál að losa börn við hræðslu. Þarna notaði Þórbergur samt þá aðferð sem honum gekk svo vel með, nefnilega að uppræta fáfræði með fræðslu. Í þessu tilfelli draugahræðslu og myrkfælni lítillar manneskju.

(Þórbergur Þórðarson 1986b:248-250).

Sjálfur var Þórbergur myrkfælinn sem barn, en óvíst er hvort eða hvernig hann losaði sig við þá hræðslu.

(Halldór Guðmundsson 2006:26).

Samt sem áður er forvitnilegt að velta því fyrir sér hvaða aðferðir hann notaði á sjálfan sig til að uppræta myrkfælnina, hafi hann notað einhverjar. En víst er að hann átti auðvelt með að setja sig í spor litlu myrkfælnu manneskjunnar, líkast til vegna þess að hann þekkti þessa tilfinningu svo vel.

4.3 Hitabrúsakenningin

Hvað verður um okkur þegar við deyjum? Hvert förum við? Hver er þá í kistunni? Hvað er sál? Það kannast flestir við þessar sígildu spurningar, hvort sem þeir hafa sjálfir spurt, sem börn, eða verið krafðir svars frá spurulu, forvitnu barni.

Hversu erfitt er ekki að aðskilja þetta tvennt líkama og sál, hvað þá að reyna að útskýra það sem ekki sést, nefnilega sjálfa sálina.

Við þessu, líkt og svo mörgu öðru, átti Þórbergur svar og í bókinni um litlu manneskjuna og gamla manninn notar hann snilldaraðferð til að útskýra fyrir litlu telpunni og um leið okkur hinum hvernig skýra má á einfaldan en fallegan máta samsetningu manneskjunnar sem líkama og sálar.

Í framhaldi af fræðslu um eilífðarmálin og drauga notaði Þórbergur sárameinfalt og algengt tæki, hitabrusa, sem finnst á flestum heimilum. Með því að sýna hitabrusa og skrúfa lokið af gat hann útskýrt fyrir telpunni, þá sannfæringu sína að manneskjan er í raun tvískipt á líkama og sál, eða eins og hann útskýrði fyrir litlu manneskjunni í tvö hylki. Fyrst skoðuðu þau saman ytra hylkið, það sem er utan um hitabrusann. Ytra hylkið er líkt og líkaminn sjálfur. Þá var lokið skrúfað af og innra hylkið skoðað, en innra hylkið sagði Sobbeggi afi að væri sálin, spegilglansandi í heilum hitabrusa. Þegar ytra hylkið er orðið sprungið og lúíð verður það eftir á jörðinni, en það innra er enn spegilgljáandi. Það er, að mati Þórbergs, innra hylkið sem fólkið lifir í þegar það fer til annars heims, heims þeirra sem dánir eru. Hann skýrði einnig fyrir litlu stúlkunni að þegar um góðar manneskjur væri að ræða væri innra hylkið hjart en dimmt hjá þeim sem ekki væru nægilega góðir á jörðinni. Þórbergur vildi einnig meina að þeir „dánur“ héldu líkamsútliti sínu í innra hylkinu. Þannig væri hægt að þekkja þá frá hinum, sem líka væru „dánir“. Það er því aðeins ytra hylkið sem „deyr“ en ekki það innra. Sobbeggi afi útskýrði fyrir litlu manneskjunni hvernig tekið væri á móti fólki sem færi í annan heim. Hann trúði því að þeir sem væru komnir þangað tækju á móti þeim nýkomnu. Fyrir þá, sem ættu erfitt með að átta sig, væri hægt að orða það eitthvað þessu líkt: „Nei, þið eruð ekki dánir. En ytra hylkið ykkar er dáíð, og þið eruð komin hingað til okkar í annan heim“ (Þórbergur Þórðarson 1986b:250-251).

Seinna á lífsleiðinni útskýrði Þórbergur nánar sína sýn á vistaskiptin í bréfi til Biddu systur, þá kominn yfir áttætt. Þar talaði hann um að heimurinn væri aðeins einn og lífið væri óslitið samhengi. Hann líkti dauðanum við fataskipti, eða eins og hann orðaði það „kannski jakkaföt í staðinn fyrir duggarapeysu, gæti líka verið duggarapeysa í stað jakkafata, svona í bili“. Hann hlakkaði til að hitta vini sem hann var viss um að biðu hans eftir fataskiptin.

(Bréfin hans Þórbergs 1982:223-224).

4.4 Kennsluaðferðir

Með því að nota hitabrusann og líkja honum við manneskju gat Þórbergur nýtt sér sýnilegan hlut til að útskýra óáþreifanlegt atriði líkt og sálina. Þessi aðferð hans er áþekk kennsluaðferð sem nefnd er útlistunarkennsla. Þá er kennarinn í hlutverki fræðarans, sem Þórbergur fann sig svo vel í. Kennsluaðferðin á meðal annars að miðla þekkingu, útskýra hugtök og aðstoða nemendur við að álykta út frá þeirri þekkingu sem þeir hafa aflað sér. Helstu aðferðir eru til dæmis fyrirlestrar, sýningar, skoðunarferðir og önnur bein miðlun. Sýnikennsla er líka ein aðferð til að miðla og gerir talsverðar kröfur til þess sem kennir. Hann þarf að hafa góða þekkingu á því sem hann er að útskýra og hæfni til að miðla og vekja áhuga. Nemandanum er ætlað að fylgjast með, leitast við að muna og skilja efnið. (Ingvar Sigurgeirsson 1999:43).

Þegar Sobbeppi afi fór með litlu manneskjunni í gönguferðir notaði hann oft tækifærið til að uppfærða telpuna. Líkt og þegar þau gengu austur með Ægissíðunni í vesturbæ Reykjavíkur og skoðuðu bátana. Gamli maðurinn kallaði þá lassfossa og persónugerði þá, kannski til að gera þá raunverulegri fyrir litlu stúlkunni. Líklega er heitið lassfossar þannig tilkomið að í stað þess að skilgreina skipin á einhvern máta þá var heiti eins látið duga. Trúlegt er að það hafi verið skip sem bar nafnið Laxfoss. Þá kenndi hann henni nöfnin á ýmsum hlutum, tengdi nöfnin við það hvar þeir voru á bátunum með því að berja í viðkomandi stað og útskýrði hvernig heitin voru til komin. Hann jafnvel endurtók sömu orðin, trúlega til þess að festa í minni telpunnar. „þófta, þófta... „ (Þórbergur Þórðarson 1986b:217-218).

Þegar gamli maðurinn útskýrði reyndi hann að einfalda hlutina á þann máta að telpan skildi, tengdi hluti eða hugtök við eitthvað sem hann vissi að hún hafði þekkingu á. Þannig útskýrði hann hver það væri sem réði á bátunum. Þar notaði hann forsætisráðherra í stað formanns eða skipstjóra. Litla telpan hefur sennilega vitað í hverju starf forsætisráðherra væri fólgið og skilið það betur en nýtt orð sem bættist við orðaforðann. Þórbergur geymdi það til síðari tíma en vann fyrst með einföld hugtök og útskýrði þau svo seinna, líklega þegar hann fann að telpan var tilbúin að bæta við kunnáttu sína. Í

Þessum skoðunarferðum notaði hann líka tækifærið til að spyrja hana út úr því sem hún þegar vissi. Þau röbbuðu til dæmis um ólík hlutverk mismunandi lassfossa, sumir eru notaðir til að veiða fisk á meðan aðrir flytja vörur eða taka þátt í hernaði í löndum þar sem stríð eru háð.

(Þórbergur Þórðarson 1986b:217-218)

Þessari aðferð Þórbergs minnir um margt á aðferð sem kölluð er þulunám og þjálfunaræfingar. Í þeim flokki eru aðferðir sem ganga út á það að kanna þekkingu nemenda, hjálpa til við að festa hugtök og heiti í minni þeirra og þjálfaleikni. Þegar þessum aðferðum er beitt reynir mikið á verkstjórnarhæfileika kennarans og hlutskipti nemandans er helst það að tileinka sér kunnáttu og leikni. Ein af þeim aðferðum sem flokkast undir þulunám og þjálfunaræfingar er yfirheyrsluaðferðin þar sem beitt er einföldum spurningum (spurningar um hlutverk lassfossana) og endurtekningaræfingar (gamli maðurinn endurtók nöfn á hinum ýmsu hlutum bátsins)

Þegar þessum aðferðum er beitt miðast námsefnið eða viðfangsefnið (í þessu tilfalli) við afmarkað efni og verkefni unnin út frá því.

(Ingvar Sigurgeirsson 1999:43-44).

Þegar gamli maðurinn las fyrir telpuna, færði hann málfarið ýmist á það sem hún notaði og skildi vel. Stundum hélt hann sig við málfar sögunnar en hafði þá þann háttinn á að hann útskýrði fyrir henni orð sem hún ekki skildi og setti í samhengi við það sem hún gat áttað sig á, gjarnan tengt persónum og uppákomum í daglegu lífi hennar. Þar höfðaði hann til þess að það gæti verið kostur fyrir telpuna að kunna orð sem leikfélagarnir hefðu ekki heyrt áður. Hún gæti þá slegið um sig og í framhaldinu bjó hann til leikþátt eða sögu þar sem hann skapaði aðstæður þar sem telpan gat notað orðin sem hann var að kenna henni. Ekki var telpan alltaf til í þessar útskýringar og stundum þraut þolinmæði hennar og þá varð gamli maðurinn að gjöra svo vel að halda áfram með söguna á því máli sem stúlkan skildi. Stundum röbbuðu þau saman eftir lesturinn ekki síst til að festa efni sögunnar í minni telpunnar.

(Þórbergur Þórðarson 1986b:224-226)

Þessi aðferð Þórbergs svipar til kennsluaðferða sem kallast innlifunaraðferðir og tjáning. Miðað er við að nemandinn geti séð fyrir sér í huganum eða geti lifað sig inn í mismunandi aðstæður. Markmiðið er að virkja sköpunarhæfileika nemenda (nýta sér ný

orð og orðatiltæki í daglegu máli) Einnig eru til aðferðir þar sem kennarinn setur nemendur í hlutverk og bregður á leik með þeim í tengslum við það sem unnið er með þá stundina.

(Ingvar Sigurgeirsson 1999:44-45).

Ekki ósvipað því sem gamli maðurinn gerir þegar hann segir telpunni hvernig aðstæður gætu orðið í tengslum við orð sem hún gæti notað í leik sínum með krökkunum.

5. Niðurlag

Þórbergur Þórðarson var óneitanlega sérstök persóna. Sem barn skoðaði hann umhverfi sitt með því að mæla hluti. Hann var mikill nákvæmnismaður og ungan dreymdi hann um að verða skipstjóri á skútu með drifhvítum seglum. Hann þráði að menntast og komast til metorða. Hann sótti um í Kennaraskólanum, komst inn, en varð fyrir miklum vonbrigðum með námið. Seinna á ævinni stundaði Þórbergur kennslustörf bæði hefðbundin og óhefðbundin.

Í bókinni *Sálmurinn um blómið* fjallar Þórbergur um samskipti persónunnar Sobbeppi afa og lillu Heggju. Þar sem gamall maður setur sig í hlutverk fræðara og útskýrir á skemmtilegan hátt lífið og tilveruna. Hann hafði megnustu fyrirliðningu á lygurum og áleit sannleikann sagna bestan. Litla telpan leit upp til fræðara síns. Þórbergur bar mikla virðingu fyrir börnum og átti auðvelt með að setja sig í þeirra spor. Honum var einkar lagið að útskýra flókna hluti og einfalda þá. Hann útskýrði óáþreifanlegt hugtak með áþreifanlegum hlut þegar hann notaði hitabrusa sem kennslugagn. Þær aðferðir sem hann notaði svipar um margt til hefðbundinna kennsluáðferða.

Sem verðandi kennarar munum við hafa það að leiðarljósi að miðla kennsluefni okkar á skemmtilegan og frumlegan hátt. Það er mikill kostur fyrir kennara að geta sett í spor nemenda. Við munum leggja áherslu á að temja okkur vönduð vinnubrögð og velja kennsluefnið með tilliti til þroska og aldurs nemenda okkar. Líkt og Þórbergur gerði.

Eftir að hafa kynnt okkur rithöfundinn Þórberg Þórðarson og verk hans erum við fullvissar um það að hann var kennari af guðs náð. Hann bjó yfir þeirri náðargáfu að geta miðlað efni á skemmtilegan og frumlegan hátt. Hann lagði sig fram um að sjá heiminn með augum barns.

6. Heimildir

Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. 1995. *Barnasálfræði*. Mál og Menning, Reykjavík.

Árni Hallgrímsson. 1954. *Sundurlaust rabb um Þórberg Þórðarson*. Helgafell 3.

Birna Torfadóttir, Helga Jóna Ásbjarnardóttir og Hjörtur Pálsson. 1982. *Bréfin hans Þórbergs. Til Lillu Heggu og Biddu Systur*. Mál og Menning, Reykjavík.

Björg Eiríksdóttir. 1993. *Söguaðferðin* [Lokaverkefni fyrir Diploma Inservice Awards Scheme]. University of Strathclyde, Faculty of Education, Jordanhill Campus, Glasgow.

Garber, Stephen W, Garber, Marianne Daniels og Spizman, Robyn Freedman. 1989. *Ráð sem duga*. Iðunn, Reykjavík.

Halldór Guðmundsson. 2006. *Skáldalíf*. JPV útgáfa, Reykjavík.

Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluáðferðanna*. Æskan, Reykjavík.

Íslensk Bókmenntasaga IV. 2006. Ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson. Mál og Menning, Reykjavík.

Pétur Gunnarsson. 2007. *ÞÞ Í fátæktarlandi*. JPV útgáfa, Reykjavík.

Schaffer, David R. 2002. *Developmental Psychology. Childhood and Adolescence*. Wadsworth/Thomson Learning. Belmont, Kaliforníu.

Þórbergur Þórðarson. 1986a. *Bréf til Láru*. Mál og Menning, Reykjavík.

Þórbergur Þórðarson. 1986b. *Sálmurinn um blómið*. Mál og Menning, Reykjavík.

Þórbergur Þórðarson. 2001. *Ofvitinn*. Mál og Menning, Reykjavík.